GUÐRÚN ÞÓRSDÓTTIR

*Eldar bragðgóðan rétt með tófú og hvítlauk*

matur helgi

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS






MARGRÉT BJARNADÓTTIR

*Vill ekki flýja land*

Föstudagur

Í MIÐJU BLAÐSINS











# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. maí 2009 — 121. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Selur börnin í auglýsingu



Dr. Gunni deyr ekki ráðalaus í kreppunni.

FÓLK 34

### Hálfgerður sólskinsgjörningur

Steinn Jónsson býr til stuttmynd í anda High School Musical.

FÓLK 34



### Leikur á als oddi fyrir austan fjall

Hjördís Geirsdóttir á fimmtíu ára söngafmæli.

TÍMAMÓT 18

### Hann þorði ekki



KR-ingar segja að Sigurður Ingimundarson hafi ekki þorað að taka við körfuboltaliði félagsins.

ÍÞRÓTTIR 31

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA BJART VEÐUR** Í dag verður heldur vaxandi suðaustanátt, 8-13 m/s suðvestan til síðdegis annars hæg austlæg eða breytileg átt. Víða bjart með köflum, síst suðaustan til. Heldur þungbúnara síðdegis. Hlýtt.

VEÐUR 4





Fréttablaðið er með 117% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.


# Ábati mestur í gjaldeyrisbraski

**Félagsmálaráðherra segir gjaldeyrishöftin menga samfélagið. Ábatasamasti atvinnuvegurinn sé sá að kaupa farseðil aðra leið og selja gjaldeyri á svörtum markaði. Forstjóri Iceland Express segir þetta þjóðsögu.**

**EFNAHAGSMÁL** Gjaldeyrishöftin hafa fært íslenskt samfélag áratugi aftur í tímann. Þau skaða samfélagið og menga allt viðskiptasiðferði, segir Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra, sem verður í helgarviðtali í blaðinu á laugardag.

„Það er dapurlegt þegar ábatasamasti atvinnuvegur í landinu í dag er ólöglegt svartamarkaðsbrask með gjaldeyri. Til dæmis farseðlakaup, að kaupa miða aðra leið úr landi, fara niður í banka og fá gjaldeyri fyrir fimm hundruð þúsund og selja hann svo aftur á svörtum,“ segir Árni og spyr hvort þetta sé framtíðin sem ESB-andstæðingar vilji búa íslenskum almenningi og komandi kynslóðum.

„Sérfræðingar margir hverjir halda því fram að það sé óhugsandi að við munum nokkru sinni geta aflétt gjaldeyrishöftum til fulls með krónunni,“ segir hann. „Við erum að fara fram á það að fólk standi hér með okkur og vinni með okkur í gegnum þessa erfiðleika. Til að það sé raunsætt þurfum við að bjóða ungu fólki upp á að Ísland sé land tækifæranna. Fólk á ekki að þurfa að stunda áhættuviðskipti með gjaldmiðla til að kaupa sér húsnæði og bíla, eins og var hér fyrir hrun,“ segir Árni. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segist varla hafa trú á því að um svo stórar fjárhæðir sé að tefla varðandi ferðamannagjaldeyri að þær geti haft umtalsverð áhrif á gjaldeyrismarkaðinn. „Það kæmi manni frekar á óvart að það gæti verið í einhverju slíkum mæli,“ segir ráðherrann sem kveður málið heyra undir Seðlabankann sem ekki hafi óskað eftir ráðstöfunum vegna þessa.

Um nokkurra mánaða skeið hefur reglulega verið auglýst í smáauglýsingum blaða gjaldeyrir bæði til kaups og sölu.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, kannast ekkert við fullyrðingar Árna Páls um farseðlakaupin. „Við höfum ekkert orðið vör við þetta. Ekkert óvenjulegt í gangi varðandi að fólk mæti ekki í flug.“

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, segir nánast engan mun milli ára á því að fólk mæti ekki í flug. Hlutfall þeirra sem mæta rokkar alltaf milli mánaða og ára en það eru engar stórvægilegar breytingar. „Þetta er mjög lágt hlutfall og hefur alltaf verið. Það er nánast enginn munur milli ára svo mín tilfinning er að þetta sé bara þjóðsaga,“ segir Matthías. **- kóþ/vsp**



**UMFERÐARSLYS** Bifhjólið, sem var ekið austur Hringbraut, kastaðist rúmlega eitt hundrað metra í slysinu. Í fjarska má sjá lögreglu- og sjúkrabifreiðar hjá Björnsbakarí á horni Hringbrautar og Birkimels, þar sem slysið varð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Vélhjól kastaðist yfir hundrað metra í umferðarslysi:

# Banaslys á Hringbrautinni

**SLYS** Ökumaður vélhjóls lést í umferðarslysi á mótum Hringbrautar og Birkimels, nálægt Þjóðarbókhlöðunni, um áttaleytið í gærkvöldi.

Vélhjólið var á leið austur Hringbrautina og féll ökumaðurinn af hjólinu. Fólksbíll á leiðinni vestur Hringbraut beygði suður Birkimel á sama tíma. Í gærkvöldi var ekki ljóst hvort vélhjólið hafi rekist utan í bílinn eða hvort ökumaðurinn hafi fipast og dottið, að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Vélhjólið kastaðist rúmlega eitt hundrað metra eftir Hringbrautinni í slysinu. Ökumaður fólksbílsins slapp ómeiddur en var fluttur á slysadeild þar sem honum var veitt áfallahjálp.

Þetta er sjötta banaslysið í umferðinni á þessu ári. Varðstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu segir að vorin séu hættulegur tími varðandi vélhjól. Án þess að hafa ítarlegar tölur við hendina taldi hann að um eitt vélhjólaslys hefði orðið á dag síðustu vikur. **- kg**

Atvinnumál í Reykjavík:

# Um 2.300 fá ekki vinnu

**ATVINNUMÁL Á fjórða þúsund sótti um starf hjá Reykjavíkurborg fyrir sumarið. Aðeins verður ráðið í 1.240 stöður. Flestir umsækjenda eru nemar á framhalds- og háskólastigi. Engir aldurshópar hafa forgang í vinnu.**

**„Sautján ára unglingur hefur engan sérstakan forgang fram yfir 23 ára,“ segir Hallur Páll Jónsson, mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar. Hann segir borgina jafnframt gera sitt besta í því ástandi sem nú ríkir á atvinnumarkaðnum.**

**Í Kópavogi fá allir vinnu sem sóttu um, eða um sjö til átta hundruð manns. Garðabær ræður einnig alla sem sóttu um vinnu en skerðir starfshlutfall frá því sem verið hefur.** **sjá síðu 6 - vsp**




**WESTPAC** Slagorð Westpac-bankanna er „Fáðu sem mest út úr lífinu“. NORDICPHOTOS/AFP

Mistök hjá gjaldkera:

# Fengu þúsundfalt bankalán

**NÝJA-SJÁLAND** Undirbúningur hófst í gær að alþjóðlegri lögregluleit að nýsjálensku pari sem flúði landið eftir að hafa fengið þúsundfalda umbeðna upphæð í bankalán fyrir mistök. Fréttastofa CNN greinir frá þessu.

Gjaldkeri hjá Westpac-bankanum, einum af stærstu bönkum landsins, greiddi tíu milljónir nýsjálenskra dala, andvirði ríflega 768 milljóna íslenskra króna, inn á reikning parsins hinn 7. maí síðastliðinn. Þegar mistökin uppgötvuðust daginn eftir var bankanum lokað. Talið er að parið hafi yfirgefið landið þann sama dag.

Nýsjálenskir fjölmiðlar telja líklegt að milljónamæringarnir hafist nú við í Kína. Slagorð Westpac-bankans er „Fáðu sem mest út úr lífinu“. **- kg**




**SPURNING DAGSINS**



*Lára, ertu að spara þig?*

„Já, ég er alltaf að spara.“

Fréttamaðurinn og fimm barna móðirin Lára Ómarsdóttir gaf nýlega út bókina Hagsýni og hamingja, þar sem kennt er hvernig best sé að höndla kreppuna. Í Fréttablaðinu í gær sagðist Lára bara hafa sofið hjá einum manni. „Og loks þegar strákurinn kom eftir fjórar stelpur gátum við hætt þessu,“ sagði Lára.

Gunnar ræðir ekki viðskipti dótturinnar við bæinn hjá Sjálfstæðisfélagi Kópavogs:

# Segir málatilbúnaðinn „árás“

**STJÓRNMÁL** „Þetta er náttúrlega eins og flest sem þaðan kemur; uppdikterað og margfaldað með pí,“ segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, um frétt Ríkisútvarpsins í gær um að hann hygðist á fundi Sjálfstæðisfélags Kópavogs á morgun ræða greiðslur bæjarins til fyrirtækis dóttur hans.

Eins og fram hefur komið hefur bæjarráð Kópavogs falið endurskoðendum að kanna nánar viðskipti bæjarins við fyrirtækið Frjálsa miðlun sem hefur fengið greiddar ríflega 51 milljón króna frá árinu 2000. Frjáls miðlun er í eigu dóttur Gunnars og eiginmanns hennar.

Gunnar segir löngu ákveðið að á fundi sjálfstæðismanna á morgun fari hann yfir stöðu mála í Kópavogi og undirbúning fyrir kosningar á næsta ári. Þótt hann muni ekki ræða viðskipti Kópavogsbæjar og Frjálsrar miðlunar á fundinum fari hann sjálfsagt yfir þá „árás“ sem málatilbúnaðurinn sé.



**GUNNAR I. BIRGISSON** Gunnar fundar með Sjálfstæðisfélaginu á morgun.

„Ég fer yfir hvernig taktíkin er frá Samfylkingu og sumum fjölmiðlum í þessu máli sem er mjög sérkennileg,“ segir Gunnar sem aðspurður kveður félaga sína í Sjálfstæðisflokknum ekki vera að heimta af honum skýringar. „Þetta er nú ekki í fyrsta skipti sem þetta kemur upp heldur gerist það á þriggja til fjögurra ára fresti – sérstaklega þegar fer að nálgast kosningar,“ segir Gunnar sem kveðst sem fyrr ætla að bíða úttektar endurskoðenda áður en hann tjáir sig um málefni Frjálsrar miðlunar: „Þá sést þetta svart á hvítu.“ **- gar**

Hjón rödduðu Mikka og Mínu:

# Rödd Mikka músar er látin

**MENNING** Amerískí leikarinn Wayne Allwine, sem hafði verið rödd Mikka músar í 32 ár, lést í gær 62 ára að aldri.

Allwine hafði unnið hjá fyrirtæki Walt Disney frá því árið 1966 og er sagður hafa hafið störf í póstherberginu.

Wayne tók fyrst að talsetja Mikka Mús árið 1977 og var sá þriðji til að tala fyrir Mikka. Aðrir sem talsettu Mikka voru Jimmy MacDonald og Walt Disney sjálfur.

Wayne lést úr sykursýki við hlið konu sinnar sem hefur talað fyrir Mínu mús, ástkonu Mikka, í áraraðir. **- vsp**

# Lést í vinnuslysi



Pilturinn sem slasaðist við byggingarvinnu við grunnskólann í Garði að morgni síðastliðins þriðjudags lést á spítala á miðvikudag. Hann hét Kristján Falur Hlynsson og var átján ára gamall. Kristján var til heimilis að Hlíðarvegi 70 í Ytri-Njarðvík. Hann lætur eftir sig foreldra og bróður.



**NÁMSMANNAÍBÚÐIR** Byggingafélag námsmanna hefur byggt hús eins og þetta í Bólstaðarhlíð, þar sem íbúðirnar eru leigðar stúdentum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Dæmdar 19 milljónir

**Byggingafélag námsmanna hefur verið dæmt til að greiða fyrrverandi framkvæmdastjóra laun í eitt ár. Upphæðin nemur rúmum nítján milljónum. Stjórnarformaður gerir ráð fyrir áfrýjun. Lögreglurannsókn stendur enn yfir.**

**DÓMSMÁL** „Þessi niðurstaða kemur okkur mjög á óvart. Við bjuggumst við því að málinu yrði vísað frá, þar sem við teljum manninn hafa orðið uppvísan að mjög vafasömum starfsháttum og gerst brotlegur við lög í starfi sínu fyrir félagið,“ segir Sigurður Grétar Ólafsson, formaður stjórnar Byggingafélags námsmanna.

Félagið var á miðvikudag dæmt í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða fyrrverandi framkvæmdastjóra laun í eitt ár. Sú upphæð, með orlofi, bílahlunnindum og mótframlagi í lífeyrissjóð, er rúmar nítján milljónir króna. Við það bætast dráttarvextir.

Forsaga málsins er sú að fyrrverandi framkvæmdastjóranum, Friðriki Guðmundssyni, var vikið tímabundið úr starfi í desember 2007 í kjölfar innri endurskoðunar á rekstri félagsins. Í febrúar árið eftir var ráðningarsamningi við Friðrik rift af stjórn félagsins, sem tilgreindi að alvarlegar athugasemdir hefðu komið í ljós við yfirferð á bókhaldi, samningsgögnum og tengdum gjörningum. Vegna alvarlegra og vítaverðra brota í starfi taldi félagið sig ekki skuldbundið til þess að greiða Sigurði frekari laun eða tengd gjöld.



**SIGURÐUR GRÉTAR ÓLAFSSON**

Starfssamningur Sigurðar frá 1. október 2006 kveður á um að hann skyldi halda fullum launum og hlunnindum í tólf mánuði eftir starfslok, skyldi koma til uppsagnar af hálfu Byggingafélags námsmanna. Hann höfðaði því mál og krafðist auk þess skaðabóta, þar sem hann taldi málatilbúnað félagsins gjörsamlega haldlausan. Byggingafélagið krafðist lögreglurannsóknar á málum fyrri stjórnar. Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hóf rannsókn í apríl í fyrra.

Sigurður Grétar segir rannsókn efnahagsbrotadeildarinnar vera í fullum gangi. Stjórn Byggingafélagsins heyrir í starfsmönnum deildarinnar reglulega og bíði eftir niðurstöðum hennar. Hann gerir ráð fyrir að dómnum sem féll á miðvikudag verði áfrýjað. Fyrst þurfi þó að bera málið fyrir stjórnina og fara yfir það með lögmönnum félagsins.

kjartan@frettabladid.is

Klofin peningastefnunefnd:

# Tveir vildu meiri stýrivaxtalækkun

**EFNAHAGSMÁL Peningastefnunefnd var klofin í afstöðu sinni til stýrivaxtalækkunar á fundi sínum í byrjun maí. Þetta kemur fram í fundargerð nefndarinnar sem birt var á vef Seðlabankans í gær.**

**Tveir nefndarmanna vildu þriggja prósenta stýrivaxtalækkun. Seðlabankastjóri mælti hins vegar með 2,5 prósenta stýrivaxtalækkun og var hún samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur. Ekki kemur fram í fundargerðinni hverjir greiddu atkvæði með og hverjir á móti.**

**„Fundargerðin segir það sem gerist á þessum fundum og nefndarmenn eiga ekki að gefa aðrar upplýsingar um þessa fundi,“ sagði Gylfi Zöega spurður um hvernig atkvæði hans hefði fallið.** **- vsp**

Ríkisskattstjóri rekur þræði:

# Eigendur 400 félaga á huldu

**FJÁRMÁL Ríkisskattstjóri vill upplýsingar frá íslenskum bönkum um eignarhald 400 félaga sem tengjast Íslendingum og eru skráð í erlendum skattavinjum. Að sögn Ríkisútvarpsins á að kanna hvort svikið hafi verið undan skatti í gegnum þessi félög. Haft er eftir Skúla Eggerti Þórðarsyni ríkisskattstjóra að slóð félaganna sé vel falin. Reynist eigandi félags Íslendingur eða íslenskt félag verði athugað hvort gerð hafi verið grein fyrir því í skattframtali. „Skúli segir að séu framtalsskil viðkomandi stórlega athugunarverð verði málinu vísað til skattrannsóknarstjóra sem þá taki ákvörðun um framhaldið,“ segir á ruv.is.** **- gar**



**SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON**

Samningum við Svía að ljúka:

# Fáum bráðum sænska dollara

**STJÓRNMÁL** „Þetta er að mestu leyti komið í höfn,“ segir Steingrímur J. Sigfússon sem í fyrradag var í Stokkhólmi að ræða skilmála láns sem Svíar hyggjast veita Íslendingum til að styrkja gjaldeyrisforða landsins. Lánið er hluti 2,5 milljarða dollara lánapakka frá Svíum, Norðmönnum, Dönum og Finnum.

Steingrímur segir nú aðeins pappírsvinnu eftir varðandi Svíalánið og að lán frá hinum Norðurlöndunum séu að verða frágengin. Hann segir niðurstöðuna í Svíaláninu þannig að báðir aðilar geta sætt sig við hana. Samningar vegna 200 milljóna dollara láns frá Póllandi og láns frá Rússlandi séu skemmra á veg komnir. **- gar**






Bæjarstjóri vísar á bug gagnrýni vegna hópferðar á vinabæjarmót í Svíþjóð:

# Röng skilaboð að fara ekki utan

**SVEITARSTJÓRNIR** „Með fullri virðingu fyrir mikilvægi þess að rækta vinabæjartengsl þá hef ég lýst þeirri skoðun minni á fundum bæjarráðs að mér finnist það sérkennileg forgangsröðun að ætla að fara í ferð sem þessa í því efnahagsástandi sem nú er,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir um ferð á vegum Hafnarfjarðarbæjar á vinabæjarmót í Uppsala í Svíþjóð.

Lagt var upp í ferðina í gær. Lúðvík Geirsson bæjarstjóri segir að venjan sé sú að senda flokk ungmenna og nú sé það leiklistarflokkur ungs fólks sem undirbúið hafi sig frá því í fyrrahaust. Með eru tveir leiðbeinendur, tveir embættismenn og tveir bæjarfulltrúar; einn frá Samfylkingu og einn frá VG. Sjálfstæðismenn sendu ekki sinn fulltrúa til Uppsala. „Ég tel að þegar við blasir niðurskurður þá séu ýmis önnur verkefni í sveitarfélaginu brýnni og ég er sannfærð um að flestir Hafnfirðingar séu sammála mér í því,“ segir Rósa.



**RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR**



**LÚÐVÍK GEIRSSON**

Lúðvík segir kostnað bæjarsjóðs af farseðlum verða um hálf milljón króna. Uppsala borgi uppihald og að auki fáist styrkur frá Evrópusambandinu. Bæjarstjórinn segir að áður fyrr hafi öllum bæjarfulltrúum staðið til boða að fara á þetta vinabæjarmót. Í ljósi ástandsins sé þátttakan nú takmörkuð við einn fulltrúa frá hverjum flokki. Óþarfi sé að ýta undir ranghugmyndir ytra um ástandið á Íslandi. „Við tókum þá ákvörðun að það væru röng skilaboð gagnvart vinaþjóðum og samstarfsþjóðum á Norðurlöndum að við værum í þeirri stöðu að við gætum ekki sent formlega fulltrúa frá okkur,“ segir Lúðvík Geirsson. **- gar**

> Ég tel að þegar við blasir niðurskurður þá séu ýmis önnur verkefni í sveitarfélaginu brýnni.
>
> **RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR** BÆJARFULLTRÚI Í HAFNARFIRÐI

## GENGIÐ 20.05.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,47 | 128,07 |
| Sterlingspund | 197,47 | 198,43 |
| Evra | 174,00 | 174,98 |
| Dönsk króna | 23,369 | 23,505 |
| Norsk króna | 19,761 | 19,877 |
| Sænsk króna | 16,565 | 16,663 |
| Japanskt jen | 1,3297 | 1,3375 |
| SDR | 194,12 | 195,28 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,6937

HEIMILD: Seðlabanki Íslands


**SUNDAHÖFN** Seven Seas Voyager átti að leggja úr höfn í gærkvöldi.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Fyrsta skemmtiferðaskipið:

## Hátt í 80 skip koma í sumar

**FERÐAMÁL** Fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins lagðist að bryggju á þriðjudagskvöld. Skipið heitir Seven Seas Voyager, er um 46 þúsund tonn og rúmar um sjö hundruð gesti. Á skipinu er hægt að taka tölvunámskeið, dansnámskeið og taka þátt í listmunauppboðum.

Ekki var gert ráð fyrir löngu stoppi því skipið átti, samkvæmt áætlun, að leggja af stað frá Íslandi í gærkvöldi. Gert er ráð fyrir að hátt í 80 skemmtiferðaskip komi til Íslands í sumar. - vsp

Dæmdur til dauða:

## Borgaði milljónir fyrir morð

**EGYPTALANDI** Egypski milljarðamæringurinn og þingmaðurinn Hisham Talaat Moustafa var dæmdur til dauða fyrir morðið á líbönsku poppstjörnunni Suzanne Tamim í gær.

Hisham hafði borgað fyrrum lögreglumanni um 250 milljónir íslenskra króna fyrir að myrða söngkonuna. Morðinginn sjálfur var einnig dæmdur til dauða.

Ástæða morðsins er talin vera að Suzanne hafði nýverið hætt leynilegu ástarsambandi við Hisham og byrjað að hitta íraska sparkhnefaleikastjörnu.

Suzanne, sem var þrítug og fræg söngkona í heimalandi sínu, fannst látin í íbúð sinni í Dubai í júlí síðastliðnum. - vsp

Skuldir Strætós bs. voru um 1.750 milljónir króna á síðasta ári:

# Ríkið komi til móts við Strætó

**SAMGÖNGUR** „Við erum að reyna að finna leiðir til að endurfjármagna starfsemina," segir Jórunn Frímannsdóttir, stjórnarformaður Strætós bs.

Hallarekstur var mikill á rekstri Strætós í fyrra og nema skuldirnar um 1.750 milljónir. Jórunn segir nokkrar leiðir færar til að brúa bilið. „Það er hægt að gera það með auknum framlögum sveitarfélaganna eða aflétta skuldum af fyrirtækinu," segir Jórunn.

Vaxtagreiðslur af lánum voru miklar á árinu sem leið. Gjöld til ríkisins voru samtals um 300 milljónir og segir Jórunn að það séu greiðslur sem ríkið gæti komið til móts við Strætó.


JÓRUNN ÓSK FRÍMANNSDÓTTIR

Spurð um hvort enn verði frítt í strætó fyrir nemendur segir Jórunn nemendaverkefnið vera jákvætt og það hafi verið gaman að sjá hvernig það þróast.

„Ég held hins vegar að það sé mikilvægt að neminn komi að einhverju leyti að kostnaðinum en við þurfum að sjá hvað sveitarfélögin geta," segir Jórunn.

Strætó bs. er sameiginlega rekið af sex sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Jórunn segir mismunandi skoðanir vera á því hvaða leiðir á að fara innan sveitarfélaganna, hvort skerða eigi þjónustu eða hækka fargjöld.

„Fyrst og síðast þarf fólk ekki að hafa áhyggjur af því að það sé verið að fara í frekari þjónustuskerðingu," segir Jórunn en Strætó hefur farið í mikinn niðurskurð, meðal annars með lækkun launa stjórnarmanna og þeirra hæstlaunuðu. - vsp

Norsk-íslenski síldarstofninn:

## Góð byrjun á síldveiðinni

**SJÁVARÚTVEGUR Veiðar á norsk-íslensku síldinni eru hafnar. Tvö skip útgerðarinnar Skinneyjar Þinganess, Jóna Eðvalds og Ásgrímur Halldórsson, eru væntanleg til hafnar í dag með 2.200 tonn af síld.**

**„Það segir svo sem ekki mikið um framhaldið þótt þetta byrji svona vel. En við erum bjartsýnir á góða veiði í sumar. Hún hefur verið það undanfarin ár," segir Ásgeir Gunnarsson, útgerðarstjóri á Hornafirði. Alls fara 1.200 tonn af aflanum í bræðslu, en 1.000 tonn í vinnslu. Skipin hafa verið við veiðar um 170 sjómílur norður af Langanesi. - kg**

# Íslendingar eiga Norðurlandamet í sykurneyslu

**Af Norðurlandaþjóðunum neyta Íslendingar mests sykurs, tæp 50 kíló á mann á ári, mest úr gosdrykkjum. 24,5 prósenta skattur var færður í 7,0 prósent 2007 og vörugjöld felld niður, nema á sykri og sætindum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslendingar neyta allra Norðurlandaþjóða mest af sykri á ári. Drykkja á sykruðum gosdrykkjum vegur þyngst, tæp fjörutíu prósent af allri sykurneyslunni. Íslendingar innbyrða að meðaltali 48,3 kíló af sykri á mann, en Svíar 41,8 kíló, Danir 37,6 kíló, Finnar 33,3 og Norðmenn 32,9 kíló. Þessar tölur eru miðaðar við árið 2007 nema hjá Svíum, sú tala er frá 2006.

Viðbættur sykur er í mörgum matvörum, til dæmis mjólkurvörum, jógúrt, sælgæti, gosdrykkjum, kökum, kexi og morgunkorni. Myndin hér til hliðar sýnir að 25 sykurmolar eru í hálfs lítra kók, 11,5 molar í Tomma og Jenna drykk, tólf í skyrdrykk og sex sykurmolar eru í skál af Cocoa Puffs. Enginn viðbættur sykur er til dæmis í hreinni léttmjólk, Trópí eða Flórídana.

Sykurskattur hefur verið um langt skeið hér á landi. Virðisaukaskattur var þó lækkaður úr 24,5 prósentum í sjö prósent á sælgæti, súkkulaði, gosi, kolsýrðu vatni, ávaxtasöfum og kexi fyrsta mars 2007 og vörugjöld felld niður á þessum vörum, þó að sykur og sætindi héldu áfram að bera sjö prósenta vörugjöld.

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir hagfræðingur segir að verðnæmi sykurs sé töluvert fyrir ákveðna hópa. Sykurskattur hafi mest áhrif á þá sem ríkið vilji oft reyna að ná til en áhrifin komi ekki mikið fram í meðaltali yfir alla landsmenn.

„Áhrifin eru mest á stórneytendur og langmest á unglinga og ungt fólk. Suma hópa er töluvert auðvelt að nálgast með fræðslu en aðrir hópar verða alltaf útundan. Fræðsla nær til dæmis síður til unglinga og fólks með minni félagslega og efnahagslega stöðu. Þetta fólk er með minni peninga milli handanna og borðar ekki jafn hollan mat."

Tinna Laufey bendir á að 24,5 prósenta skattur sé í landinu almennt en gosdrykkir séu undanþegnir töluvert miklum skatti því að á þeim sé aðeins sjö prósenta vörugjald. „Ég sé enga kosti við það að niðurgreiða skatt á gosdrykkjum umfram aðra vöru í landinu," segir hún.

Í Noregi er tæplega þriggja norskra króna skattur á hvern lítra af alkóhóllausum gosdrykkjum. Í Danmörku er 0,91 danskur eyrir í skatt á lítra af gosi. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að ekkert hafi verið ákveðið um hvort sérstakur sykur- eða gosskattur verði lagður á. ghs@frettabladid.is

**Dæmi um viðbættan sykur í nokkrum tegundum matvæla**

Tölurnar sýna fjölda sykurmola. Hver moli er 2,0 grömm af hvítum sykri.




*í 30 gr. skammti af Cocoa Puffs




## VEÐURSPÁ


**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HELGARHORFUR** Nú er veðrið að taka á sig breytta mynd. Rigningin er að sækja á og strax í nótt má búast við að fyrstu droparnir byrji að falla sunnan til en á morgun verður víða rigning eða skúrir. Á Austurlandi fer að rigna síðdegis en úrkomulítið verður á Norðurlandi fram til kvölds. Svipað veður verður á sunnudag en þá verður reyndar heldur stífari vindur.




Á MORGUN 5-10 m/s

SUNNUDAGUR 8-13 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Amsterdam | 17° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 17° |
| Eindhoven | 19° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 18° |
| New York | 30° |
| Orlando | 28° |
| Osló | 11° |
| París | 21° |
| Róm | 32° |
| Stokkhólmur | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




# Við erum með Kaffitár á okkar könnu

**Eitt af fjölmörgum fyrirtækjum sem treysta Skyggni fyrir rekstri tölvukerfa sinna**

Kaffitár er ört vaxandi fyrirtæki sem þarf að samþætta innkaup sín hjá kaffibændum í Afríku og Suður Ameríku, framleiðsluna í Reykjanesbæ og rekstur átta kaffihúsa. Þess vegna á Kaffitár mikið undir því að tölvu- og upplýsingakerfi fyrirtækisins sé öruggt, hagkvæmt og þægilegt í notkun.

Skyggnir sérhæfir sig í hönnun og rekstri tölvu- og samskiptalausna sem lækka kostnað og bæta eiginleika upplýsingakerfa. Við höfum á annað hundrað sérfræðinga á okkar snærum og þjónustumiðstöð sem opin er allan sólarhringinn.

- Kerfisrekstur
- Rekstur miðlægs búnaðar
- Ruslpóstvarnir
- Vírusvarnir
- Öryggismál
- Notendaaðstoð
- Afritun
- Gagnageymsla
- Vefhýsing

Skyggnir

Skyggnir sérhæfir sig í hönnun, uppsetningu og rekstri tölvu- og samskiptalausna. Fyrirtækið er hluti af Nýherjasamstæðunni.

Urðarhvarf 6 | 203 Kópavogur | Sími 516 1000 | skyggnir.is

**KJÖRKASSINN**



*Gerir stjórnarandstaðan of mikið úr sykurskattinum?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 51,3% |
| NEI | 48,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að frysta launahækkanir?*

Segðu þína skoðun á visir.is **vísir**

Fjármálaráðherra segir tekjur ríkissjóðs undir áætlun en útgjöldin vera vel innan ramma:

# Fjárlaganefnd fær yfirlit yfir útgjöld

**STJÓRNMÁL** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir tekjur ríkisins hafa verið nokkuð minni á þessu ári en ráð hafi verið fyrir gert. „Það er meiri samdráttur og heldur minni velta í samfélaginu,“ segir fjármálaráðherra.

Haft var eftir Birki Jóni Jónssyni, alþingismanni Framsóknarflokksins, á Vísi að hann óttaðist að forsendur fjárlaga væru brostnar. Kvað hann nýlega þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins verða rædda á fundi efnahags- og skattanefndar í dag.

Fjármálaráðherra segir ýmsar ráðstafanir sem ríkisstjórnin hafi gert til að koma til móts við atvinnulífið, sérstaklega varðandi frestun ýmissa gjalda, hafa hægt á tekjustreymi til ríkissjóðs. En sú frestun verði aðeins í eitt skipti.

Steingrímur segir enn fremur að í vikunni hafi hann kynnt í ríkisstjórn fyrsta yfirlit yfir útgjaldaþróunina á þessu ári. „Það er alltaf þannig að einhverjir liðir hafa farið fram úr en aðrir ekki og heildarútkoman er vel ásættanleg og vel innan áætlunar,“ segir ráðherra og boðar að umrætt yfirlit verði sent til fjárlaganefndar Alþingis ásamt undirliggjandi gögnum um einstaka fjárlagaliði.

„Fjárlaganefndin getur þá fylgst með þessu með okkur,“ segir Steingrímur og ítrekar að vel sé fylgst með ef útgjöld fari fram úr áætlun. „Við ætlum að beita þessu aðhaldi mjög ákveðið því ekki veitir af að menn nái að halda sér innan við útgjaldarammann.“ **- gar**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Fjármálaráðherra segir tekjusamdrátt hjá ríkissjóði meðal annars stafa af því að fyrirtækjum hafi verið heimilað að fresta greiðslu ýmissa gjalda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÞORSKELDI** Eldi þorskseiða fékk myndarlegan styrk enda vonir bundnar við atvinnugreinina. FRÉTTABLAÐIÐ/SVAVAR

Styrkir veittir úr AVS-sjóðnum:

## Mikil gróska í rannsóknum

**SJÁVARÚTVEGUR** AVS-sjóðurinn, sem styður verkefni til að auka virði sjávarfangs, veitti í ár 76 styrki að upphæð 325 milljónir króna. Alls bárust sjóðnum 160 umsóknir að upphæð 800 milljónir króna, sem gefur til kynna hversu mikil gróska er hér á landi í rannsóknum og þróun sem tengjast sjávarútvegi hér á landi.

Eins og undanfarin ár eru umsóknir metnar í fjórum faghópum AVS-sjóðsins þar sem teknar eru fyrir umsóknir sem taka á fiskeldi, líftækni, markaði og svo umsvifamesta flokknum er falla að veiðum og vinnslu. **- shá**



**FISKÞURRKUN LÝSIS** Hart er deilt um fiskþurrkun Lýsis í Þorlákshöfn.

Ósontankar fyrir Lýsi:

## Rangt staðið að synjun leyfis

**STJÓRNSÝSLA Ákvörðun bæjarráðs sveitarfélagsins Ölfuss um að synja Lýsi hf. um leyfi fyrir uppsetningu óson- hreinsunartanka við fiskþurrkun fyrirtækisins í Þorlákshöfn hefur verið ógilt af úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.**

**Úrskurðarnefndin segir að bæjarráðið hafi hafnað umsókn Lýsis án þess að byggingarnefnd Ölfuss hafi afgreitt málið með rökstuddum hætti. Það hafi verið andstætt skipulags- og byggingarlögum. „Þar við bætist að með hinni kærðu ákvörðun bæjarráðs var umsókn kæranda hafnað að svo stöddu án þess að gerð væri grein fyrir því með skýrum hætti við hvað væri átt,“ segir úrskurðarnefndin.** **- gar**

**ÍRAK**

**23 létust í sprengjuárásum**

Í það minnsta 23 létust í nokkrum sjálfsmorðsárásum í borgunum Bagdad og Kirkuk í Írak í fyrradag. Mannskæðasta árásin var í Dora-hverfinu í Bagdad. Þar dóu tólf, þar á meðal þrír bandarískir hermenn.

# Um 2.300 fá ekki vinnu hjá borginni

**Á fjórða þúsund sótti um starf hjá Reykjavíkurborg fyrir sumarið. Aðeins verða 1.240 ráðnir. Enginn aldur hefur forgang. Flestir umsækjendur eru nemar. Allir fá sumarstarf í Kópavogi. Í Garðabæ fá allir vinnu en vinnutíminn skertur.**

**ATVINNUMÁL** „Reykjavíkurborg getur ekki ráðið alla sem eru atvinnulausir í borginni. Það segir sig sjálft. Borgin er hins vegar að reyna að gera sitt besta til að bregðast við vandanum,“ segir Hallur Páll Jónsson, mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar.

Um 3.600 sóttu um sumarstörf hjá Reykjavíkurborg. Það er miklu meira en hefur verið undanfarin ár, að sögn Halls. Ráðið verður í 1.240 stöður sem er svipað og var í fyrra.

Á undanförnum árum hafa flestir umsækjendur verið framhalds- og háskólanemar að sögn Halls. Enginn aldurshópur hafi hins vegar forgang fram yfir annan.

„Við reynum að dreifa því á hópana eins og kostur er svo hægt sé að gæta jafnræðis. Sautján ára unglingur hefur engan sérstakan forgang fram yfir 23 ára,“ segir Hallur.

Ekki hefur verið ráðið í öll stöðugildin en stjórnendur eru að ganga frá málum þessa vikuna. Sumir hefja störf í maí, aðrir í júní og sumir jafnvel í júlí. Um 260 vinnustaðir eru á vegum Reykjavíkurborgar.

Þar fyrir utan er Vinnuskóli Reykjavíkur, sem ræður börn á aldrinum 13-16 ára. Um 4.000 börn verða ráðin sem er umtalsvert meira en á undanförnum árum, að sögn Halls. „Síðan erum við að reyna að ráða fólk á atvinnuleysisskrá í sérstök átaksverkefni.“

Allir sem sóttu um sumarstörf hjá Kópavogsbæ munu fá vinnu. Ráðið hefur verið í milli sjö hundruð og átta hundruð stöður samkvæmt upplýsingum frá Kópavogsbæ.

„Það verða allir ráðnir sem eiga lögheimili í Garðabæ og hafa sótt um starf,“ segir Margrét S. Guðjónsdóttir, deildarstjóri starfsmannahalds hjá Garðabæ.

Hins vegar verður vinnutíminn skertur frá því sem verið hefur í klukkustunda- og dagafjölda. Engin yfirvinna verður í boði.

„Í átakshópi vegna atvinnuástandsins fá 17 ára krakkar vinnu í sex stundir á dag í sjö vikur. Þeir sem eldri eru fá sjö stundir á dag í átta vikur,“ segir Margrét.

Þeir sem vinna hins vegar við garðyrkju og í áhaldahúsinu fá lengri vinnutíma, í átta stundir á dag.

„Vinnuskólinn, sem er fyrir 14-16 ára krakka, er aðeins öðruvísi, en þau yngstu fá 91 klukkustundir yfir sumarið og hinir um 170-180,“ segir Margrét. **vidirp@frettabladid.is**



**BÆJARVINNA** Um 3.600 manns sóttu um sumarvinnu hjá Reykjavíkurborg sem er miklu meira en undanfarin ár að sögn Halls Páls Jónssonar, mannauðsstjóra Reykjavíkurborgar.

Fleiri græn skref í Reykjavík:

## Forgangsreinar verði fleiri

**UMHVERFISMÁL** Þrjátíu ný græn skref voru samþykkt í umhverfis- og samgönguráði Reykjavíkur á þriðjudagskvöld. Þar er meðal annars gert ráð fyrir fleiri forgangsreinum fyrir strætó og að búnir verði til sælureitir í öllum hverfum.



**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**

Fjörutíu og fimm græn skref voru sett fram árið 2007 og nú er 90% þeirra annaðhvort lokið eða komin vel af stað, segir Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur.

„Þeirra á meðal var umhverfisátak við Tjörnina, sett voru niður 80 þúsund tré og bláum tunnum var komið upp fyrir þá sem vilja endurvinna meira,“ segir Þorbjörg. **- vsp**

Flugslys í Indónesíu:

## Nær 100 farast með herflugvél

**INDÓNESÍA, AP Indónesísk herflugvél með hermenn og fjölskyldur þeirra um borð hrapaði í fyrradag á þorp nærri herstöð á eynni Jövu. Minnst 98 manns fórust í slysinu, þar af tveir á jörðu niðri.**

**Alls voru 109 manns um borð í vélinni, sem var af gerðinni C-130 Hercules, smíðuð árið 1980. Tíu börn voru meðal farþeganna. Auk hinna látnu slösuðust fimmtán manns; sumir þeirra hlutu alvarleg brunasár að sögn Bambang Samudro, yfirmanns herstöðvarinnar í Magetan. Stöðin er um 520 km austur af Djakarta.**

**Flugvélakostur indónesíska flughersins er kominn vel til ára sinna og slys hafa verið tíð að undanförnu.** **- aa**

Obama hélt ræðu til varnar Guantanamo-frumvarpinu í Washington í gær:

# Baráttan verður erfið en árangur mögulegur

**BANDARÍKIN** „Við munum ekki sleppa neinum ef það er hættulegt þjóðaröryggi okkar,“ sagði Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, í ræðu sem hann hélt á Þjóðskjalasafni Bandaríkjanna í Washington í gær.

Tilefnið var að Öldungadeild Bandaríkjaþings hafnaði tillögu Obama um lokun Guantanamo-fangelsisins með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða á miðvikudag, 90 atkvæðum gegn sex.

Obama sagði að Guantanamo skapaði líklega fleiri hryðjuverkamenn en það innihéldi. Sagði hann að barátta hans fyrir lokun fangelsisins yrði erfið en möguleg.

Frumvarpið sætti mikilli gagnrýni í meðferð sinni fyrir öldungadeildinni þar sem þingmönnum fannst ekki koma nógu skýrt fram hvernig farið yrði með þá 240 fanga sem væru í fangelsinu.

„Við erum að meðhöndla þessi mál með þeim aðferðum sem lög og þjóðaröryggi gera ráð fyrir,“ sagði Obama.

Dick Cheney, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, hélt ræðu á öðrum stað í Washington á svipuðum tíma. Sagði hann þverpólitíska sátt þurfa að vera um mikilvæg mál sem kæmu frá forsetanum.

Hins vegar sagði hann að stefna Bush-stjórnarinnar í utanríkismálum hefði verið að koma í veg fyrir frekari hryðjuverkaárásir eins og voru 11. september 2001. Þess vegna væri nauðsynlegt að Guantanamo-fangelsið væri. **- vsp**



**BARACK OBAMA** Varð fyrir miklu áfalli á miðvikudaginn þegar öldungadeild Bandaríkjaþings hafnaði tillögu hans um lokun Guantanamo-fangelsisins með yfirgnæfandi meirihluta.

# Allt til alls

-góð kaup

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



SPARIÐ 13.950,-

BORÐ + 4 STÓLAR + 4 SESSUR ÁÐUR: 53.850,-

**39.900,-**

**DANANG borð + 4 OREGON stólar með örmum + 4 LIVERPOOL eða LEEDS sessur**
Fallegt sett úr gegnheilum harðviði ásamt huggulegum sessum. Stærð á borði: Ø110 sm. Borðið og stólana er auðveldlega hægt að leggja saman svo lítið fari fyrir settinu í geymslunni. Vandaðir stólar með örmum.
Borð **14.900,-** Stóll **7.990,-** Sessa **1.990,-**



**Sessubox**
Gott sessubox úr plasti. Stærð: 117 x 44 x 58 sm.

SESSUBOX
**5.990,-**



**CARENA regnhlífakerra**
Mjög góðar og vandaðar CARENA regnhlífakerrur. Hægt að halla baki. Fást í svörtu, svörtu/bleiku og svörtu/bláu.

REGNHLÍFAKERRA
**4.990,-**



SÓLSTÓLL
**2.990,-**

**TORINO sólstóll**
Fínn sólstóll með áklæði úr polyester. Hægt að leggja alveg saman svo lítið fari fyrir honum.



1 STK. FLÍSTEPPI
**790,-**

**FLORA flísteppi**
Falleg og mjúk flísteppi, fáanleg í nokkrum mismunandi litum.




**COLORADO kúlugrill**
Lítið og nett kúlugrill úr emeleruðu, svörtu járni. Stærð: Ø43 sm. Vinnuhæð: 60 sm.

KÚLUGRILL
**3.490,-**



**Grillbursti**
Góður, langur grillbursti. Nauðsynlegur í sumar til að halda grillinu hreinu!

GRILLBURSTI
**199,-**



**Grilláhöld**
Fín grilláhöld. 3 stk. saman í pakka. Settið inniheldur spaða, gaffal og töng.

GRILLÁHÖLD
**499,-**



U.Þ.B 35% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 1.490,-
**990,-**

**MAX golfkúlur**
15 golfkúlur saman í pakka á fínu verði. Gerðu góð kaup!



ALLT SETTIÐ
**399,-**

**Badmintonsett**
Skemmtilegt badmintonsett á frábæru verði!



**Regnslár**
Nettar og góðar regnslár á börn og fullorðna. Nokkrir litir.

REGNSLÁ
**249,-**



BARNASTÓLL
**1.690,-**

BARNALEIKTJALD
**1.690,-**

**Barnaleiktjöld og stólar**
Virkilega sæt barnaleiktjöld og stólar í stíl. Fjórar flottar gerðir og litir. Tjöldin og stólarnir koma í góðum poka. Stólana er hægt að leggja alveg saman svo lítið fari fyrir þeim.



ALLT SETTIÐ
**299,-**

**Sandkassadót**
Skemmtilegt sandkassadót á fínu verði!



**Vatnsbrúsi + 6 glös**
Flottur vatnsbrúsi með fallegu blómamynstri. Fæst í 3 litum. Brúsinn tekur 3,7 lítra.

BRÚSI+6 GLÖS
**990,-**



KUBB VÍKINGASPIL
**2.490,-**

**KUBB víkingaspil**
Hið sívinsæla Kubb víkingaspil loksins komið aftur. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna!

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hvaða íslenska sveitarfélag er vinabær heimabæjar Alexanders Rybak, Eurovision-sigurvegara?
2 Hver sigraði American Idol?
3 Hvað heitir nýútkomin bók Láru Ómarsdóttur fréttakonu?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Fjórir menn handteknir á miðvikudagskvöld fyrir tilraun til sprengjuárásar:

# Notuðu platsprengjur frá FBI

**BANDARÍKIN** Fjórir menn voru handteknir fyrir að reyna að koma fyrir sprengjum í tveimur bænahúsum gyðinga í Bronx í New York á miðvikudagskvöld. Jafnframt ætluðu þeir að skjóta flugskeytum að herflugvélum.

Maðurinn sem útvegaði þeim sprengiefni og flugskeytin var hins vegar fulltrúi frá FBI, sem villti á sér heimildir og útvegaði þeim platsprengjur sem engin hætta stafaði af.

„Þetta var mjög vel stjórnuð aðgerð en þessir aðilar koma sprengjum fyrir – eða það sem þeir héldu að væru sprengjur – fyrir framan byggingar," sagði Raymond Kelly, yfirlögregluþjónn hjá New York-lögreglunni.

Michael Bloomberg, borgarstjóri New York-borgar, sagði að tilraunin væri áminning til New York-búa að vera ávallt á varðbergi.

„Við þurfum alltaf að vera meðvituð og við verðum alltaf að vera viss um að eiga bestu lögreglusveit í heiminum. Að þeim sé vel stjórnað og þær vel þjálfaðar," sagði Bloomberg.

Fjórmenningarnir eru allir múslimar, þrír Bandaríkjamenn og einn frá Haítí. Þeir verða allir kærðir fyrir samsæri vegna nota á gereyðingarvopnum í Bandaríkjunum og að reyna að nota ólöglegt flugskeyti. Líklegt er að dómur yfir þeim, ef þeir verða fundnir sekir, verði um 25 ár til lífstíðar. - vsp



**BRONX-HVERFIÐ** Lögreglumenn kanna aðstæður við Riverdale-bænahúsið í Bronx í New York. NORDICPHOTOS/AFP

Hátæknivæddar skotflaugar:

## Vekja mikinn ótta í Ísrael

**ÍRAN, AP Tilraun með hátæknskotflaugar í Íran í fyrradag gekk vel að sögn Mahmoud Ahmadinejad, forseta landsins. Hafa þessar fréttir vakið mikinn ótta í Ísrael þar sem flaugarnar draga til Ísrael og Suðaustur-Evrópu.**

**Flaugarnar eru af gerðinni Sajjil-2 og þykja háþróaðar. Þeim var skotið frá borginni Semnan í norðurhluta landsins. Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, hefur reynt að fá Írana til að hætta tilraunum sínum á eldflaugum. Hins vegar halda Íranar því fram að eldflaugarnar séu eingöngu varnartæki. - hds**






# Reikna út verðmiða fyrir Heiðmörkina

**Háskólafólk reynir nú að meta hversu mikils virði Heiðmörkin er og á verðmiðinn að liggja fyrir 2010. Ekki er tekið tillit til umhverfiskostnaðar við arðsemisútreikninga hér. Getur leitt til rangra ákvarðana, segir formaður Landverndar.**

**UMHVERFISMÁL** „Yfirleitt er því fleygt fram að náttúran á Íslandi sé ómetanleg. Hún er ómetanleg en við erum að meta þjónustuna sem hún veitir okkur. Á þessu er blæbrigðamunur. Streymi þjónustunnar getum við mælt en náttúran sjálf er augljóslega ómetanleg," segir Brynhildur Davíðsdóttir, dósent í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands.

Meistara- og doktorsnemar við Háskóla Íslands vinna nú að heildstæðu verðmætamati á þjónustu náttúrunnar þar sem þeir meta verðgildi þess sem náttúran veitir. Hópurinn notar Heiðmörkina sem rannsóknarvettvang. Þegar lokaniðurstaðan liggur fyrir verður ljóst hvert gildi Heiðmerkurinnar er í peningum. Þetta er fyrsta rannsóknin af þessu tagi á Íslandi.

Búið er að skilgreina alla þjónustuþætti, til dæmis vötnin og útivistargildið, og verður viðurkenndum aðferðum beitt við að meta verðgildi hvers þáttar. Spurningakönnun fer fram þar sem vegfarendur um Heiðmörkina mega búast við að vera stoppaðir og spurðir hvaðan þeir komi, hvað þeir séu að gera og hvað þeir ætli að vera lengi. „Út frá þessum upplýsingum metum við hversu miklum peningum fólk er tilbúið til að eyða í Heiðmerkurferð."

Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar, segir að miklu máli skipti að reikna út verðmæti náttúrunnar. Rýrist þessi eign þá minnki það höfuðstólinn. Taka beri tillit til þess.

„Hingað til hafa menn ekki tekið þetta með í útreikninga en þeir eiga að gera það þegar þeir meta arðsemi framkvæmda. Sú staða gæti komið upp við útreikninga að framkvæmdin sé arðbær. Umhverfiskostnaðinum er þá sleppt. Ef umhverfiskostnaðinum er sleppt getur það leitt til þess að menn taki rangar ákvarðanir."

Lokaniðurstaðan liggur fyrir árið 2010. „Þá er kominn verðmiði á Heiðmörkina," segir Brynhildur. „En verðgildi er alltaf svolítið afstætt. Markmiðið er að sýna fram á hið margþætta gildi náttúrunnar. Við á Íslandi höfum gleymt því en það er það sem skiptir máli. Við horfum á ár og sjáum bara megavött. Þegar hægt verður að líta heildrænt á það sem náttúran gefur verður kannski hægt að vega og meta með skynsamlegri hætti hvernig við nýtum náttúruna," segir hún og vonast til að rannsóknin leiði til framfara í umhverfisumræðunni. ghs@frettabladid.is



**ÞJÓNUSTUNA ER HÆGT AÐ MÆLA** Unnið er að rannsókn á verðgildi þjónustunnar sem náttúran í Heiðmörk veitir og liggur niðurstaðan endanlega fyrir árið 2010. Oft er sagt að náttúran sé ómetanleg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) og norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NOPEF) efna til kynningar á starfsemi sjóðanna miðvikudaginn 27. maí kl. 08.15–10.00 á Grand Hótel Reykjavík.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) er alþjóðleg fjármálastofnun í eigu ríkisstjórna Norðurlandanna. Meginmarkmið NEFCO er að fjármagna hagkvæm verkefni á grannsvæðum Norðurlandanna í Austur-Evrópu, Rússlandi og Úkraínu. Verkefnin skulu miða að því að minnka umhverfisáhrif, t.d. við öflun og nýtingu orku, í iðnaði og við meðhöndlun úrgangs.

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NOPEF) er sjóður sem starfar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Meginmarkmiðið með starfsemi NOPEF er að styrkja alþjóðlega samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Norðurlöndum.

Dagskrá fundarins:

Setning:
Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri og formaður stjórnar NEFCO.

Kynning á starfsemi NEFCO:
Magnús Rystedt, framkvæmdastjóri NEFCO og Þórhallur Þorsteinsson, fjárfestingaráðgjafi hjá NEFCO.

Lán til orkusparnaðar og samstarf við NEFCO:
Margeir Pétursson, stjórnarformaður MP banka.

Kynning á starfsemi NOPEF:
Brynhildur Bergþórsdóttir, formaður stjórnar NOPEF.

Að fundinum loknum verða fulltrúar frá sjóðunum með viðtalstíma á Grand Hótel.

Vinsamlegast skráið þátttöku í fundinum í síðasta lagi mánudaginn 25. maí á netfangið: postur@umh.stjr.is

NEFCO norden Nordiska Projektexportfonden Nopef UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ


Fjöldi fólks mun væntanlega ferðast innanlands í sumar:

# Tjaldasala með fyrra móti

**ÚTIVIST** „Þetta er allt að fara af stað núna. Það er mikið spurt um verð á tjöldum og tilheyrandi og eitthvað keypt, og við sjáum fram á góða sölu í sumar," segir Sigurður Guðmundsson, afgreiðslumaður í ferða- og útivistarversluninni Everest. Flest bendir til að margir kjósi að ferðast innanlands í sumar.

Sigurður segir mest spurst fyrir um fjölskyldutjöld, sem rúma fimm til sex manns. „Ég hef ekki samburð milli ára en ég gæti trúað að salan væri að fara fyrr af stað nú en venjulega," segir Sigurður.

Tómas Zahniser, afgreiðslumaður í Veiðimanninum, sem einnig selur tjöld, segir að venjulega byrji tjöld ekki að seljast af neinu viti fyrr en í júníménuði. Þó sé nokkuð ljóst að stærstu tjöldin verði vinsæl í sumar. „Mér heyrist á viðskiptavinunum að það sé algengt að fólk leggi ekki í að kaupa sér hjólhýsi eða fellihýsi og ætli því að fjárfesta í tjaldi í staðinn."

Arnar Barðdal, eigandi Víkurverka sem bjóða meðal annars hjólhýsi og fellihýsi til sölu, segir söluna ganga ótrúlega vel miðað við aðstæður í þjóðfélaginu. „Að sjálfsögðu finnum við mikinn mun miðað við síðustu ár. Bæði notuð og ódýr fellihýsi eru reyndar að seljast fremur vel, en á kostnað þeirra dýrari. Við höfum ekkert keypt inn síðan í fyrra og erum því að saxa á lagerinn. Með þessu áframhaldi sé ég fram á að hann gæti klárast að mestu leyti um mitt sumar," segir Arnar. - kg



**AKUREYRI** Líkur eru á að mannmargt verði á tjaldstæðum landsins í sumar.


VORTILTEKT!
QUEEN SIZE RÚM
(153x203 cm)
FRÁ 109.000 kr.
NÚ HREINSUM VIÐ ÚT
30-50% AFSLÁTTUR
Við eigum von á nýrri vörulínu frá King Koil Comfort solution
og ætlum því, ánæstu dögum, að selja eldri gerðir
með allt að 50% afslætti.
COMFORT solutions
By King Koil
30%
AFSLÁTTUR!
Af sængurfatnaði
og heilsukoddum
ÁTTU VON
Á GESTUM?
Í Rekkjunni er að finna eitt mesta
úrval landsins af svefnsófum
í einum stærsta og glæsilegasta
svefnsófasýningarsal landsins.
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16



**TRANA Á STAUR** Skammt frá þorpinu Hustopece nad Becvou í Tékklandi tyllti þessi trana sér stundarkorn á staur úti í vatni. NORDICPHOTOS/AFP

Tuttugu og tveir bílar tóku þátt í Sparaksturskeppni Atlantsolíu og FÍB:

# Skódinn eyddi 3,02 lítrum á hundraði

**BÍLAR** „Þetta gekk frábærlega vel. Veðrið lék við áhorfendur og við erum auðvitað þakklát veðurguðunum fyrir það, því það skiptir miklu máli að ekki sé hávaðarok. Fjöldi keppenda var fullkominn, ekki of margir og ekki of fáir,“ segir Hugi Hreiðarsson, einn af forsvarsmönnum hinnar árlegu Sparaksturskeppni Atlantsolíu og Félags íslenskra bifreiðaeigenda sem haldin var í fyrradag.

Tuttugu og tveir bílar voru skráðir til leiks í gær og keppt í sjö flokkum. Keppninni er ætlað vekja athygli á því að hægt sé að draga verulega úr eldsneytisnotkun með réttu aksturslagi. Það var Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar, sem ræsti keppnina við bensínstöð Atlantsolíu í Bíldshöfða.

Ekið var austur Þingvallaveg, Grafning og Grímsnes og lauk fyrri hluta keppninnar með tímatöku við bensínstöð Atlantsolíu á Selfossi. Eftir tímatökuna var ekið rakleitt yfir Ölfusárbrú suður Eyrarbakkaveg og um Þrengsli til Reykjavíkur. - kg

**bensínbifreiðar**

| CC | Tegund | Eyðsla á hundraðið |
|---|---|---|
| 0-1200 | Volkswagen Fox | 4,02 |
| 1.201-1.600 | Toyota Yaris | 4,44 |
| 1.601-2000 | Toyota Avensis, Sedan Sol | 5,07 |
| 2.500-3.500 | Volvo C 30 | 6,09 |

**Dísilbifreiðar**

| CC | Tegund | Eyðsla á hundraðið |
|---|---|---|
| 1.201-1.600 | Volkswagen Fox 1.4 TDI | 3,31 |
| 1.601-2.500 | Skoda Octavia | 3,02 |
| 2.500-3.500 | Toyota Landcruiser | 6,25 |



**SPARAKSTUR** Veðrið lék við keppendur í hinni árlegu Sparaksturskeppni.

Aflaverðmæti íslenskra skipa:

## Gengið eykur aflaverðmæti

**SJÁVARÚTVEGUR** **Aflaverðmæti íslenskra skipa nam tæpum sextán milljörðum króna á fyrstu tveimur mánuðum ársins 2009 samanborið við 12,1 milljarð á sama tímabili 2008, samkvæmt frétt Hagstofu Íslands. Aflaverðmæti hefur því aukist um 3,8 milljarða, eða 31,5 prósent á milli ára. Hafa ber í huga að gengislækkun krónunnar á tímabilinu.**

**Aflaverðmæti botnfisks var í lok febrúar orðið 12,5 milljarðar og jókst um 26,9 prósent frá sama tíma í fyrra. Verðmæti þorskafla var um sjö milljarðar og jókst um 36,6 prósent. Aflaverðmæti ýsu nam rúmum 2,3 milljörðum og dróst saman um 12,2 prósent, en verðmæti karfaaflans nam rúmum 1,5 milljörðum sem er rúm 112 prósent aukning frá fyrstu tveimur mánuðum ársins 2008.** - shá

Fimm lögreglumenn reknir í Birmingham:

## Lömdu meðvitundarlausan ökuníðing

**BANDARÍKIN** Fimm lögreglumenn frá Birmingham, Alabama í Bandaríkjunum voru reknir fyrir að lemja meðvitundarlausan mann sem þeir höfðu veitt eftirför. Maðurinn var grunaður um fíkniefnamisferli undir stýri.

Málið kom upp í janúar 2008 þegar Anthony Warren keyrði á lögregluþjón sem meiddist á fæti. Í kjölfarið var hann kærður fyrir tilraun til manndráps. Saksóknari fékk myndband í hendurnar sem klippt hafði verið á. Framhald myndbandsins komst hins vegar ekki í hendur saksóknarans fyrr en nýlega.

Þar sjást samstarfsmenn lögregluþjónsins elta Anthony sem keyrði út af og lá meðvitundarlaus eftir á jörðinni. Lögregluþjónarnir komu að honum og börðu hann með hnefum og kylfum. Á meðan hreyfði Anthony sig ekki.

Borgarstjóri Birmingham, Larry Langford, sagði atvikið minna sig á lögregluofbeldi í Alabama sem tíðkaðist fyrir hálfri öld.

„Í Birmingham, Alabama í nútímanum er þetta ekki viðunandi,“ sagði Larry.

Anthony játaði sig sekan fyrir meiri háttar líkamsárás og var dæmdur í tuttugu ára fangelsi. Nöfn lögreglumannanna hafa ekki verið gefin upp og ekki tekin ákvörðun um hvort þeir verði ákærðir. - vsp



**FRÁ GREIÐSLUSTOFU Á SKAGASTRÖND** Enginn hefur sagt upp störfum frá því starfsemi greiðslustofu var flutt til Skagastrandar árið 2007. Jóhann, sem hér situr við tölvuna, er úr höfuðborginni og unir hag sínum vel fyrir norðan. Jensína er ánægð með vinnuna á heimaslóð. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

# Vistvæn stóriðja í Húnaþingi vestra

**Einungis tveir aðkomumenn eru í föstu starfi hjá greiðslustofu og Fæðingarorlofssjóði. Starfsemi þeirra var flutt á Skagaströnd og Hvammstanga árið 2007. Starfseminni er líkt við vistvæna stóriðju.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Það þótti mörgum það undarleg ákvörðun hjá mér að flytja út á land í fásinnið þegar ég tók þessa ákvörðun,“ segir Jóhann Hafsteinsson, sérfræðingur hjá greiðslustofu Vinnumálastofnunar, en starfsemi hennar var flutt til Skagastrandar 1. apríl 2007. „En nú spyrja þeir hvort ég hafi verið svo forsjáll að sjá hvað var í vændum á höfuðborgarsvæðinu.“

Jóhann er eini starfsmaðurinn, af þeim tólf sem þar eru í föstu starfi, sem er ekki frá Skagaströnd eða nágrenni. Aðrir starfsmenn voru búsettir fyrir á svæðinu eða fluttu þangað aftur eftir nokkurra ára fjarveru. Enginn hefur sagt upp störfum frá því starfsemin var flutt.

Sömu sögu er að segja af Ragnari Smára Helgasyni, sérfræðingi hjá Fæðingarorlofssjóði, en starfsemi sjóðsins var flutti 1. janúar 2007 til Hvammstanga. „Kona mín er reyndar héðan og við vorum búin að vera að bíða eftir því lengi að fá tækifæri til þess að flytja út á land,“ segir hann. „Ég var að vinna hjá Eimskip og hún hjá SPRON fyrir sunnan þannig að það er ekki gott að segja hvað við værum að gera hefði þetta tækifæri ekki boðist.“

Jóhann og Ragnar Smári segja að þenslan hafi síður náð norður á þeirra slóðir og því beri einnig minna á kreppunni þar.

Leó Örn Þorleifsson, forstöðumaður Fæðingarorlofssjóðs og Jensína Lýðsdóttir, skrifstofustjóri hjá greiðslustofu Vinnumálastofnunar, segja bæði að flutningarnir hafi tekist afar vel. Almenn ánægja sé með breytinguna hjá starfsmönnum, samfélaginu á svæðunum og viðskiptavinir finni ekkert að því að starfsemin sé svo langt frá helsta þjónustusvæðinu.

„Heimafólkið talar um það að þetta sé stóriðja svæðisins,“ segir Leó Örn. „Það má alveg færa rök fyrir því. Hér í Húnaþingi vestra búa tæplega tólf hundruð manns og við vinnum tólf hér, það er að segja eitt prósent af íbúafjölda. Ef við yfirfærum þetta á Akureyri þá yrði vinnustaður með sams konar hlutfall með 180 starfsmenn og einhverjir myndu kalla það stóriðju. Nema hvað að þetta er vistvæn stóriðja.“

„Þetta eru ótrúleg lífsgæði, hér vaknar maður upp við fuglasöng en ekki bílaumferð og svo er ég tvær mínútur að labba í vinnuna,“ segir Jóhann ánægður með vistaskiptin. jse@frettabladid.is

### FLUTNINGUR STARFA TIL SKAGASTRANDAR OG HVAMMSTANGA

**Greiðslustofa á Skagaströnd**

Var flutt 1. apríl 2007. Hún sér um greiðslur atvinnuleysistrygginga fyrir allt landið og greiðir um tvo milljarða á mánuði. Níu starfsmenn í byrjun en nú starfa þar þrettán fastráðnir en vegna mikils atvinnuleysis í þjóðfélaginu starfa þar nú þar að auki ellefu tímabundið. Samtals eru þar því 24 starfsmenn.

**Fæðingarorlofssjóður á Hvammstanga**

Var fluttur 1. janúar 2007. Níu voru ráðnir í upphafi en síðan hafa tveir bæst við. Um hver mánaðamót fá um 4.500 manns greitt þaðan og nema heildargreiðslur um sjö til átta hundruð milljónum.


Hjálparvakt tannlækna fyrir börn og unglinga

Fjárhagslegar aðstæður margra heimila hafa breyst verulega til hins verra á síðustu mánuðum. Því miður sýnir reynslan að eitt af því sem foreldrar neyðast til að spara þegar þrengir að eru tannviðgerðir og eftirlit hjá börnum og unglingum. Dregið hefur stórlega úr þátttöku íslenskra stórnvalda í kostnaði vegna tannheilsu barna og við blasir gífurleg hætta á tannskemmdum og jafnvel vanlíðan barna og unglinga um þessar mundir. Í sumum tilfellum bíður fólk þess aldrei bætur.

Tannlæknar hafa ákveðið að koma til móts við þau heimili sem erfiðast eiga uppdráttar með sjálfboðavinnu við skoðun og viðgerðir tanna hjá börnum og unglingum. Skorað er á barnafjölskyldur sem búa við kröpp kjör að nýta sér þetta tækifæri til ókeypis tannlæknaþjónustu fyrir börn og unglinga.

Hjálparvakt tannlækna er samstarfsverkefni Tannlæknafélags Íslands og Tannlæknadeildar Háskóla Íslands. Þjónustan er veitt í húsnæði Tannlæknadeildar Háskóla Íslands, Læknagarði, laugardaginn 23. maí. frá kl. 10:00 – 13:00.

Ekki er tekið við tímapöntunum en ráðstafanir eru gerðar til þess að biðtími verði ávallt hóflegur. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Tannlæknadeild Háskóla Íslands í síma 525 4850.

Tannlæknafélag Íslands HÁSKÓLI ÍSLANDS

zebra


IQ-CARE
HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR
TILBOÐ
á stillanlegum rúmum
PROFLEX
Vinsælasta stillanlega rúmið hjá okkur
Íslenskir botnar
Íslensk framleiðsla
Margir leðurlitir í boði
20-50% afsláttur
af völdum vörum
20% afsláttur
af fylgihlutum við dýnukaup
Óseyri 2
AKUREYRI
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal
REYKJAVÍK
6 mán. vaxtalausar greiðslur
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

74%

34%




**Fréttablaðið stendur upp úr**

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



**FRÉTTAVIÐTAL: Eyþór Arnalds**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ATHAFNAMAÐURINN EYÞÓR** Hefur brátt rekstur álþynnuverksmiðju og er að leita að stað fyrir sólarkísilverksmiðju. Spilaði síðast með Todmobile 2007, en útilokar ekki að gera það aftur. Hann er í bæjarráði Árborgar og ætlar að halda því áfram.

# Við erum að koma með þetta „eitthvað annað“

**Ekkert getur komið í veg fyrir að í ágúst hefjist framleiðsla í álþynnuverksmiðju, sem er meira verðmætaskapandi en önnur íslensk stóriðja. Að auki mengar hún alls ekki neitt, að sögn Eyþórs Arnalds framkvæmdastjóra.**

„Ég held að þetta sé næsti kafli á eftir álverunum. Það eru góð tækifæri í því að fara í orkufreka hátækni. Við erum að koma með þetta „eitthvað annað“ sem allir hafa verið að tala um sem valkost við álverum,“ segir hann.

Eyþór og félagar hans í fjárfestingarfélaginu Strokki eru með tvær verksmiðjur í burðarliðnum, önnur er álþynnuverksmiðja í Eyjafirði, kennd við ítalska fyrirtækið Becromal og hið þýsk/japanska Epcos-TDK. Þessi verksmiðja er tilbúin og krefst 75 megavatta og 90 starfsmanna til að byrja með.

Hin verksmiðjan sem er fyrirhuguð á að verða kísilverksmiðja sem framleiðir kísil í sólarrafhlöður, og gæti verið reist í Þorlákshöfn, Grindavík eða Húsavík. Þessi þarf fimmtíu megavött af raforku og 150 starfsmenn.

### Skuldlaust félag

*Er hægt að standa í nýjum stóriðjurekstri á tímum gjaldeyrishafta og lánsfjárþurrðar?*

„Við fórum af stað með álþynnuverksmiðjuna í byrjun árs 2007 og lukum fjármögnun sama ár. Við náðum raforkuksamningi strax í ágúst. Framleiðslan hefst nú í ágúst, 24 mánuðum eftir að við byrjuðum. Það er skammur tími, miðað við stóriðju,“ segir Eyþór.

Strokkur hafi árið 2007 synt á móti straumnum og ákveðið að skuldsetja sig ekki. Enda sé félagið skuldlaust í dag, og alveg laust við útrásarvíkinga í fjárfestahópnum, sem samanstandi helst af mönnum úr byggingariðnaði og sjávarútvegi.

Stefnan var strax tekin á virðisaukandi og orkufrekan hátækniiðnað, segir Eyþór. Netþjónabú hafi komið til greina, en slíkur iðnaður sé ekki eins spennandi, af ýmsum ástæðum. Til dæmis sé hann háður því að lagðir verði helst tveir ljósleiðarar að landinu.

„Álþynnuverksmiðjan er risin og það er mikil þörf fyrir hráefnið. Þetta verður stærsta verksmiðja sinnar tegundar í Evrópu. Við verðum með græna framleiðslu fyrir grænorkumarkaðinn. Hún losar engin efni í andrúmsloftið og úrgangurinn, álkurl, verður endurunninn. Eina „mengunin“ er sú að við tökum inn kaldan sjó, en skilum honum út heitum.“

### Eins og farsímar árið 1992

Þótt nú ríki kreppa í heiminum, sem hamlar vexti í flestum geirum og lækkar verð á áli og annarri framleiðslu, segir Eyþór aðstöðumun á sinni framleiðslu og frumvinnslu málma, svo sem áli.

„Vöxtur í áli og stáli fylgir hagvexti, en vöxtur í grænni orku er mun meiri, einfaldlega vegna þess að þetta er nýtt og lítið. Þegar nýr markaður verður til þá vex hann í tugum prósenta, en stórir og gamlir vaxa svipað og fólkið á jörðinni. Sólarkísillinn er í mínum huga á svipuðum stað og farsímar voru 1992. Þetta var nýjung, hún var dýr, en hún var óumflýjanleg.“

### Annars konar kísilverksmiðja

Pólísílikon, eða sólarkísill, er einmitt verkefni hinnar verksmiðjunnar sem Strokkur undirbýr. Þetta er efni sem er næstum jafn hreint og kísillinn sem er notaður í örgjörva í tölvur, og ætlaður sólarraforkumarkaðnum.

Þetta verður ekki eins græn framleiðsla og aflþynnuverksmiðjan. Hún gefur til að mynda frá sér koltvísýring, en engin spilliefni. Eyþór bendir einnig á að afurðin sjálf muni framleiða rafmagn sem kemur í stað raforku sem er framleidd með kolum.

Verksmiðjuna á að reisa í félagi við stórt erlent fyrirtæki, sem ekki hefur áður fjárfest á Íslandi, en Eyþór vill ekki upplýsa um nafn þess. Það verði gert „þegar verkefnið er komið á beinu brautina“.

Kísilverksmiðjan á enn eftir að ganga frá orkusamningi, sem verður við Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja eða Þeistareyki.

„Við höfum átt í viðræðum um tuttugu ára orkusamning síðustu átján mánuði. Orkufyrirtækin eru í þröngri stöðu eftir fjármálahrunið, en ég er bjartsýnn á að ná samningum,“ segir Eyþór.

*En ef það gengur ekki eftir?*

„Þá verður þetta að veruleika einhvers staðar annars staðar.“



FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

## STROKKURINN HANS EYÞÓRS

Strokkur Energy var stofnað 2007 í þeim tilgangi að fjárfesta í orkugeiranum. Á tímabili stóð til að kaupa hlut í Hitaveitu Suðurnesja. Ekkert varð þó úr því, enda buðu Strokksmenn lægra en Geysir Green og Orkuveitan.

Um 60 prósenta hlut í Strokki á Gnógur, félag í eigu Harðar Jónssonar, sem er tengdafaðir Eyþórs.

Um 30 prósenta hlut á svo Sólbakki, í eigu Arnar Erlingssonar.

Síðustu tíu prósentin á Eyþór Arnalds.

Sólbakki og Gnógur eru stofnendur Strokks, samkvæmt upplýsingum frá Creditinfo.

LYFJA
– Lifið heil




15% verðlækkun+
LAMISIL ONCE




15% verðlækkun+
NICOTINELL Mintutyggjó

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

+ Gildir út maí 2009

# Allt á **að seljast**

Vegna flutninga í stærra húsnæði að Skútuvogi 1 (við hliðina á Holtagörðum) seljum við öll sýningartæki í verslun okkar Borgartúni 24 með **MIKLUM** afslætti.

## Þetta er aðeins brot af því sem er í boði.



Gashelluborð
Afsláttur **30-70%**



Uppþvottavélar
Afsláttur **22-45%**



Þvottavélar
Afsláttur **20-57%**



Helluborð
Afsláttur **20-70%**

Vegghháfar
Afsláttur **20-70%**





Bakaraofnar
Afsláttur **25-50%**





Ísskápar
Afsláttur **20-60%**

Eyjuháfar
Afsláttur **25-70%**





Kæliskápar
Afsláttur **35-40%**



Gaseldavélar
Afsláttur **50-65%**

PIPAR • SÍA • 90863

**Lokum verslun okkar í Borgartúni 29. maí - opnum nýja og glæsilega verslun í Skútuvogi 2. júní.**

Borgartún 24
Sími 562 4011

RÖNNING

EXPO · www.expo.is

# TAX FREE

AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM
Gildir 21.-22. maí



# 20% AFSLÁTTUR*

AF ALLRI VIÐARVÖRN OG ÚTIMÁLNINGU!

+5% VIÐBÓTARAFSLÁTTUR TIL KORTHAFA BYKO*

* Korthafar viðskiptakorts BYKO fá **5% viðbótarafslátt** af tilboðsverðum á viðarvörn og útimálningu!

+5% VIÐBÓTARAFSLÁTTUR TIL KORTHAFA BYKO*





1L af viðarskola fylgir frítt með. Aðeins í BYKO Kauptúni.

5L

Vnr. 86363040-550
**Pallaolía** 4.690
KJÖRVARI pallaolía, glær, græn, hnota, fura rauð fura eða rauðviður.

# Landsins mesta úrval af grillum!

Vnr. 50632108
**Gasgrill**
MR GRILL gasgrill með 2 pottbrennurum, niðurfellanleg hliðarborð, 4 hjól – mjög meðfærilegt. Fitubakki sem auðvelt er að hreinsa. Grillgrind úr emeleruðu járni, grillflötur 43x48 cm og svart postulínshúðað lok. Neistakveikjari, hitamælir og hitadreifiplötur. Efri grind, þrýstijafnari og slanga fylgir.



ÓDÝRT

39.900

## Frábær kaupauki með grillum*



Fylgir með öllum grillum sem kosta yfir 30.000 kr.
*Gildir aðeins í BYKO Kauptúni.

- Lambalæri
- Pepsi 6 x 2 lítrar
- Grilltangasett
- Grillsvunta

## 26" REIÐHJÓL



Vnr. 49620029
**Reiðhjól** 26.990
Götureiðhjól, fyrir kvenfólk, 26", 6 gíra, með brettum, bögglabera og körfu.

## 26" REIÐHJÓL



Vnr. 49620018
**Reiðhjól** 29.900
Reiðhjól, 26", með tveimur dempurum, 21 gíra, Shimano gírabúnaði, álfelgum, brettum og diskabremsum, svart og rautt.

# 30% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM, BÚSÁHÖLDUM, FLÍSUM OG LJÓSUM!
Gildir 21.-22. maí og ekki með öðrum tilboðum.



Vnr. 88040059/68
**Trampolín og öryggisnet**

Verð frá 28.900

| | |
|---|---|
| Vnr. 88040059 Trampolín 3,6 m | kr. 28.900,- |
| Vnr. 88040062 Öryggisnet 3,6 m | kr. 19.800,- |
| Vnr. 88040065 Trampolín 4,2 m | kr. 34.970,- |
| Vnr. 88040068 Öryggisnet 4,2 m | kr. 19.800,- |



# TRÉ OG SUMARBLÓM Í ÚRVALI

# Sumarhátíð í BYKO Kauptúni

**í dag föstudag og á morgun laugardag**

## Viðhaldsverkefnin – Kynningar og ráðgjöf

**Klæðningar:**
Allar gerðir af klæðningum. Ál, stál, flísar, STENI, fura, Cedrus, tatjuba, Kongebro og múrkerfi.

**Gluggar og hurðir:**
Heildarlausnir í gluggum og hurðum.

**Þakefni:**
Þakefni fyrir íslenskar aðstæður.

**Múrefni:**
Allar gerðir af viðgerðarefnum frá BM Vallá og Schombourg.

**Leigumarkaður:**
Öll tæki og tól fyrir viðhaldsverkefnin.

**Málning:**
Ráðgjöf frá Málningu á útimálningu, viðarvörn og pallaolíu, o.fl.

**Pallasmíði:**
Ráðgjöf og tilboð fyrir pallasmíðina.

**SodaStream:**
Kynning á nýrri vörulínu.

**Lagnaefni:**
Ráðgjöf og lausnir frá lagnadeild BYKO.

**Bón og hreinsiefni:**
Sonax kynnir bón og hreinsiefni fyrir húsbíla og fellihýsi. Sonax þvottalögur fylgir með bóni.

til 3. júlí

**Sumarleikur**

**BYKO og Rásar 2**

Allir sem versla í BYKO geta tekið þátt í sumarleik með því að setja nafn sitt í pott. Dregið út alla föstudaga.

**glæsilegir vinningar**



Aðalvinningur að verðmæti 136.900 kr. ásamt 100.000 kr. inneign hjá BYKO.

**Skemmtidagskrá laugardag kl. 12-15:**
Pylsur, gos, ís og hoppukastali.
Uppboð kl. 14:00.



FYRSTA, ANNAÐ...
SLEGIÐ!

BM·VALLÁ

SCHOMBURG

málning

SodaStream

LM BYKO LEIGUMARKAÐUR

## UPPBOÐ Í DAG FÖSTUDAG KL. 17:00



**Partner sláttuvél.**
Lágmarksboð 20.000 kr.,
fullt verð 54.890 kr.



**Outback Diamond gasgrill.**
Lágmarksboð 25.000 kr.,
fullt verð 69.900 kr.

**Galanz örbylgjuofn 900W stál.**
Lágmarksboð 6.000 kr.,
fullt verð 18.990 kr.

**Og fullt af öðrum frábærum vörum.**

BYKO

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sátt um vöxt og stöðugleika?

## Vonin

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Stefnuræða forsætisráðherra í byrjun þessarar viku gaf fáum tilefni til bjartsýni um vorkomu og gróanda í þjóðarbúskapnum. Samtöl forystumanna vinnumarkaðarins við ríkisstjórnina voru annars eðlis. Þau eru vísir að nýrri von.

Í byrjun síðasta árs var þegar orðið ljóst að þjóðin stæði andspænis slíkum efnahagsvanda að víðtæk samvinna stjórnvalda og atvinnulífs væri nauðsynleg til að tryggja stöðugleika. Forystumenn Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins tóku í samræmi við þann veruleika þegar á síðasta ári frumkvæði í þessa veru með samtölum sín á milli.

Ríkisstjórnin hefur nú verið dregin að þessu viðræðuborði. Mikið afl hefur runnið óbeislað til sjávar í pólitísku uppgjöri síðustu mánaða. Sú töf hefur verið fjárhagslega kostnaðarsöm fyrir fyrirtækin og allan almenning í landinu. Tíminn til að láta til skarar skríða er löngu kominn.

Þó að frumkvæði og hugmyndasmíð þessara stöðugleikaviðræðna liggi hjá forystumönnum vinnumarkaðarins sýnist aðkoma ríkisstjórnarinnar ekki þurfa að vera með þeim niðurlægjandi hætti sem var við þjóðarsáttina árið 1990. Árangurinn er hins vegar að miklu leyti háður því að ríkisstjórnin hverfi frá þeirri hörðu flokkslínupólitík sem boðuð var í stefnuræðunni. Hún þarf að vera opin fyrir lausnum á breiðari grunni.

Launin eru stærsta einstaka stærðin í þjóðarbúskapnum. Þróun þeirra skiptir því sköpum fyrir stöðugleika og möguleika á nýjum vexti. Í þeim efnum mun reyna á áframhaldandi ábyrga afstöðu forystumanna vferkalýðsfélaganna. En markmiðið hlýtur hins vegar að felast í því að koma af stað vexti í atvinnulífinu sem getur orðið forsenda launabóta.

Sumar greinar eiga hægar um vik en aðrar að draga vagninn í þeim efnum. Á síðustu árum voru það milliliðirnir sem leiddu launaþróunina. Sjávarútvegurinn var að komast í þá stöðu að taka á ný við því kefli. Sviptingarstefnan sem ríkisstjórnin kynnti á dögunum sneri því blaði við á einni svipstundu. Að þeirri stefnu óbreyttri er engin atvinnugrein í þeirri stöðu. Það er óviðunandi bæði fyrir launafólk og atvinnulífið.

Eitt af lykilatriðunum til að ná stöðugleika felst í að tryggja sjávarútveginum öruggt rekstrarumhverfi. Það kallar á tilslakanir á hinni hörðu flokkslínu ríkisstjórnarinnar á þessu sviði. Þó að lágt gengi krónunnar hjálpi útflutningsgreinunum eins og sakir standa er það andstætt hagsmunum launafólks. Þar af leiðandi er það ekki ásættanlegt markmið.

Peningastefnan og aðferðir við endurreisn bankanna eru einnig hluti af stöðugleikaumhverfinu. Ákveðnar grunnstoðir velferðarkerfisins hljóta einnig að koma til kasta slíkra viðræðna. Eðlilegt er að verkalýðsfélögin horfi til þess viðfangsefnis í ljósi rekstrarvanda ríkissjóðs. Vel færi aukheldur á því að vinnumarkaðurinn rétti ríkisstjórninni hjálparhönd með það verkefni.

Stöðugleikaviðræður á þessum vettvangi væru einnig hálf marklausar ef þær tækju ekki til mögulegrar samstöðu um samningsmarkmið Íslands í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Heildarhagsmunir launafólks og atvinnulífs af aðild og myntsamstarfi eru ótvíræðir. Það hagsmunamat kallar á nokkurn sveigjanleika af hálfu sjávarútvegs og landbúnaðar. Það er ekki bara ríkisstjórnin sem þarf að slaka á harðlínustefnu.

Samstarf af þessu tagi getur eitt gefið nýja viðspyrnu og von.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Alltaf í boltanum?**

Þegar ensk knattspyrnulið taka upp á því að tapa hverjum leiknum á fætur öðrum sjá stjórnir viðkomandi félaga sig gjarnan knúnar til að gefa út opinberar yfirlýsingar þess efnis að þjálfarar liðanna njóti nú heldur betur fyllsta trausts og stuðnings þeirra. Allir sem fylgjast grannt með knattspyrnu vita að slík ummæli tákna í flestum tilvikum að viðkomandi þjálfarar njóti þvert á móti afar lítils trausts og stuðnings stjórnanna. Uppsögn fylgir vanalega í kjölfarið innan fárra daga.

Jóhann Ísberg, formaður Sjálfstæðisfélags Kópavogs, sagði í gær að Gunnar Birgisson bæjarstjóri nyti víðtæks stuðnings meðal sjálfstæðismanna í bænum og að ekki hafi verið minnst einu orði á umdeilt viðskiptamál dóttur Gunnars á fulltrúaráðsfundi sjálfstæðisfélaganna í Kópavogi á föstudagskvöld. Þá er bara að vona, fyrir Gunnars hönd, að Jóhann fylgist illa með í boltanum og hafi ekki tileinkað sér vinnureglur sem þar tíðkast.

**Ærandi þögn**

Andrúmsloftið á téðum fulltrúaráðsfundi sjálfstæðisfélaganna í Kópavogi, þar sem ekki var minnst einu orði á dóttur Gunnars Birgissonar að sögn Jóhanns, hlýtur að hafa verið lævi blandið, ef ekki hreinlega magnþrungið. Þætti ekki eðlilegt að ræða þetta mál, sem komið hefur upp innan raða flokksins, og fengið mikla athygli fjölmiðla og almennings, á slíkum fundi, þó ekki væri nema í framhjáhlaupi? Gæti möguleg ástæða fyrir þögninni verið sú að Gunnar Birgisson var sjálfur á fundinum? Það er spurning.



**kg@frettabladid.is**

### SPOTTIÐ




# Vill ESB upptökuleiðina?

**UMRÆÐAN**

Friðrik J. Arngrímsson skrifar um sjávarútvegsmál



FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

Markmið íslenskra stjórnvalda hefur um langa hríð verið að íslenskur sjávarútvegur sé sjálfbær og arðbær. Til þess að ná því marki höfum við komið á kvótakerfi til að stýra sókn í takmarkaða auðlind. Þannig er ekki einungis horft til þess að takmarka aflann úr hverjum stofni við það sem stjórnvöld ákveða á hverjum tíma heldur einnig horft til þess að veiðar og vinnsla skili hámarks arðsemi.

Til að fiskveiðistjórn skili árangri er grundvallaratriði, að þeir sem nýta fiskistofnana hafi sömu hagsmuni og þjóðin af því að nýtingin sé sjálfbær. Að ekki sé veitt meira á hverjum tíma en stofnarnir þola. Verðmætasta fjárfesting útgerðanna er í aflaheimildunum og til að ná fram langtímahugsun í nýtingu þarf sú fjárfesting að vera trygg. Það tryggir jafnframt rekstrargrundvöll útgerðanna sem hafa fjárfest í aflaheimildum með langtímahagsmuni að leiðarljósi. Með þessu fléttast saman hagsmunir útgerðarinnar og þjóðarinnar, sem nýtur fyrir vikið hámarks arðsemi af nýtingu auðlindarinnar.

Evrópusambandið hefur átt í erfiðleikum með sjávarútveg sinn um langa hríð. Þar kemur margt til, en því hefur almennt ekki auðnast að færa ábyrgðina til þeirra sem nýta fiskistofnana og tengja þannig saman ávinning og ábyrgð. Á því eru þó undantekningar.

Joe Borg, sjávarútvegsstjóri Evrópusambandsins, lýsir ástandinu í sjávarútvegsmálum ESB ágætlega í grein í Fréttablaðinu í gær. Því miður getur hann ekki gert betur á þessari stundu en að ímynda sér „að evrópskur sjávarútvegur væri bæði arðbær og sjálfbær atvinnuvegur“. Joe Borg kallar eftir tillögum og sjónarmiðum um það hvernig best sé að móta evrópskan sjávarútveg til framtíðar og lýsir sérstaklega eftir aðstoð frá Íslandi „vegna reynslu og þekkingar Íslendinga í þessum málaflokki“.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Íslands er boðuð upptaka aflaheimilda útgerðanna. Þessi stefna vinnur bæði gegn markmiðum um sjálfbærni og arðbærni. Engin eftirspurn er eftir upptökuleið ríkisstjórnar Íslands í íslenskum sjávarútvegi og engin sjávarútvegsþjóð þessa heims beitir henni. Skyldi það vera þessi „reynsla og þekking“ sem Joe Borg er að kalla eftir frá Íslandi?

*Höfundur er framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



Svínakótilettur
798,kr./kg.
ÁÐUR 1.398,kr./kg.



Lambafille m/fitu
2.898,kr./kg.
ÁÐUR 3.498,kr./kg.



Lambahryggur frosinn
1.254,kr./kg.
ÁÐUR 1.568,kr./kg.



Svínahnakki úrb.
898,kr./kg.
ÁÐUR 1.498,kr./kg.



Lambalæri frosið
1.150,kr./kg.
ÁÐUR 1.437,kr./kg.



Nauta Rib-Eye
2.498,kr./kg.
ÁÐUR 3.098,kr./kg.



Fjallalambs lambasvið
479,kr./kg.
ÁÐUR 684,kr./kg.



Fjallalæri kryddað
1.583,kr./kg.
ÁÐUR 2.473,kr./kg.

þegar mikið stendur til



Móa kjúklingaleggir
569,kr./kg.
ÁÐUR 949,kr./kg.



Móa kjúklingavængir
285,kr./kg.
ÁÐUR 475,kr./kg.



Hamborgarar 4x80g
396,kr./kg.
ÁÐUR 548,kr./kg.



Ali Spareribs
1.064,kr./kg.
ÁÐUR 1.418,kr./kg.

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga

FK FJARÐARKAUP

NAOMI CAMPBELL ER 39 ÁRA Í DAG

*„Ég reyni alltaf að gera hið ómögulega til að geðjast fólki. Það er vegna þess að ég er öörugg með sjálfa mig og forðast að horfa inn á við. Stundum heldur fólk áfram af því að það vill ekki horfast í augu við sannleikann.“*

***Campbell var fyrsta þeldökka fyrirsætan til að sitja fyrir á forsíðu Vogue Paris árið 1988.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 22. MAÍ ÁRIÐ 1952

## *Fyrstu trén í Kjarnaskógi gróðursett*



Þennan dag árið 1952 voru fyrstu trén í Kjarnaskógi gróðursett, en Kjarnaskógur er skógur og útivistarsvæði í Kjarnalandi í Eyjafirði rétt vestan við Akureyri.

Landið komst í eigu Akureyrarbæjar árið 1910 og var nýtt af bæjarbúum undir grasnytjar og garðrækt. Árið 1956 fékk Skógræktarfélag Eyfirðinga landið undir gróðrarstöð sína og og hófst markviss skógrækt árið 1952.

Árið 2000 náði skógurinn yfir 800 hektara svæði og var hæsta tréð 15.25 metrar. Það var alaskaösp en ríkjandi trjátegundir í skóginum eru birki og lerki. Í skóginum er góð aðstaða til útivistar- og íþróttaiðkana og er hann fjölsóttur af Akureyringum og þeim sem sækja bæinn heim. Þar eru meðal annars leikvellir, trimmtæki, upplýst trimmbraut með skíðaspori, göngustígar og á sem liðast um skóginn.

## MERKISATBURÐIR

1702 Erindisbréf gefið út vegna gerðar manntals á Íslandi. Það tekur þrjú ár.
1933 Egilssaga kemur út í útgáfu Hins íslenska fornritafélags. Var þetta fyrsta bókin, en ætlunin var að gefa út 35 bindi alls.
1952 Fyrstu trén í Kjarnaskógi við Akureyri eru gróðursett.
1954 Áburðarverksmiðjan í Gufunesi er vígð.
1971 Fyrstu orlofshús opinberra starfsmanna eru tekin í notkun í Munaðarnesi.
1982 Sjálfstæðisflokkurinn kemst til valda á ný í Reykjavík eftir að hafa tapað þeim fjórum árum áður.
2008 Eurobandið tekur þátt í forkeppni Eurovision.




Veggspjald sem gert var fyrir afmælið.

# Sextugsafmæli Kópavogsskóla

Sextíu ár eru frá því að kennsla hófst í elsta hluta Kópavogsskóla og í tilefni af því er foreldrum og öðrum sem áhuga hafa boðið í heimsókn í skólann í dag, 22. maí, frá klukkan 8 til 12.30. Gestum býðst að fylgjast með kennslu og skoða vinnu nemenda í heimastofu hvers bekkjar en kennt er samkvæmt stundatöflum að mestu leyti.

Í stofu 205 er sýning á ferli og afrakstri vinnu nýrrar, sameiginlegrar kvæðabókar nemenda 3. bekkjar og eldri borgara í Gjábakka og í stofu 102 eru myndir, gamlar námsbækur og gamlir munir.

Skemmtiatriði frá nemendum verða í samkomusal skólans, Kjarnanum, og um hádegi er boðið upp á grillaðar pylsur og ís.



**ENN Í FULLU FJÖRI** Hjördís mun leika á als oddi fyrir austan um helgina en þar spilaði hún á fjölmörgum svetaböllum á árum áður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HJÖRDÍS GEIRSDÓTTIR:** FAGNAR FIMMTÍU ÁRA SÖNGAFMÆLI MEÐ TÓNLEIKARÖÐ

# Lagar sig að breyttum tímum

Hjördís Geirsdóttir, drottning sveitaballanna, á fimmtíu ára söngafmæli á árinu. Hún ætlar að fagna því með ýmsum hætti og leikur á als oddi fyrir austan fjall um helgina.

Hjördís er fædd og uppalin í Flóanum og byrjaði að syngja með bróður sínum aðeins fimmtán ára. „Bróðir minn, Gissur Geirsson heitinn, sem þá var í hljómsveitinni Tónabræður, áttaði sig á því að stelpan var músíkölsk, kippti henni inn í æfingaherbergið í sveitinni og þannig byrjaði ballið,“ segir Hjördís. „Tónabræður urðu svo að Caroll-kvintett sem varð svo að Safír-sextett en á þessum árum voru margar stórar lúðrasveitir að fæðast og allar sveitirnar mannmargar.“

Sveitaböllin voru aðalskemmtunin og tróð Hjördís upp við fjölmörg tækifæri á árunum 1959 til 1965 en þá var henni kippt til Reykjavíkur. „Þar fór ég að syngja á Klúbbnum með hljómsveit Karls Lilliendahl og þaðan lá leiðin á Hótel Loftleiðir þar sem við opnuðum Víkingasal hótelsins hinn 1. maí árið 1966. Þar var ég húsgagn í fimm ár og upp frá því hef ég verið að syngja með alls konar hljómsveitum, en lengst af með Jóni heitnum Sigurðssyni, harmóníkuleikara og textahöfundi. Hann lést árið 1991 og síðan hef ég verið með mína eigin hljómsveit.“

Þótt sveitaballamenningin hafi nánast liðið undir undir lok á síðustu árum hefur Hjördís ekki setið auðum höndum. Hún starfar sem sjúkraliði og snyrtifræðingur og stýrir sönghóp í félagsmiðstöðinni Hæðargarði. „Þá hef ég verið skemmtanastjóri á Kanarí með gítarinn og iPod-inn að vopni,“ segir Hjördís, sem á ekki í nokkrum vandræðum með að laga sig að breyttum tímum.

Á morgun mun hún hins vegar rifja upp gamla takta í íþróttahúsinu Iðu á Selfossi en þar stýrir Ólafur Þórarinsson, betur þekktur sem Labbi í Mánum, skemmtun sem ber yfirskriftina Saga sveitaballanna í tali og tónum og munu fjölmargir aðrir listamenn koma fram. Klukkan tíu mun Hjördís svo standa fyrir dansleik ásamt Tríói Helga Kristjánssonar í Tryggvaskála og á sunnudaginn klukkan fjögur verður haldin djamm-session á sama stað eins.

„Í júlí ætla ég svo að rifja upp gömul húsmæðraskólalög með harmónikukörlum á Gömluborg í Grímsnesi og í haust er svo stefnan tekin á Rósenberg og Salinn í Kópavogi en þangað ætla ég að smala sönghópnum mínum og fólki sem ég hef sungið með í gegnum tíðina. Ég má svo til með að nefna bakraddirnar sem ekki verða af verri endanum eða þær Hera Björk Þórhallsdóttir, dóttir mín, og Kristjana Stefánsdóttir.“ Þó að þar séu stórstjörnur á ferð hefur Hjördís engar áhyggjur af því að falla í skuggann af þeim. „Ég held að það sé engin hætta á því,“ segir hún og hlær dátt.

**vera@frettabladid.is**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



## 80 ára afmæli

**Áttræð er í dag, 22. maí,**

**Þórdís Þorláksdóttir**

frá Veiðileysu. Hún og eiginmaður hennar, Steindór Arason frá Ísafirði, taka á móti ættingjum og vinum sunnudaginn 24. maí í Skátaheimilinu við Hjallabraut í Hafnarfirði á milli klukkan 15 og 18.



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnlaugur Halldórsson**
Vallholti, Árskógsströnd,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar sunnudaginn 17. maí. Útför hans fer fram frá Stærra-Árskógskirkju laugardaginn 23. maí kl. 14.00. Jarðsett verður í kirkjugarðinum að Saurbæ í Eyjafjarðarsveit.

**Guðrún Ingibjörg Kristjánsdóttir**
**Ingibjörg Gunnlaugsdóttir**
**Jóhanna Elín Gunnlaugsdóttir** **Sævar Einarsson**
**Guðný Halla Gunnlaugsdóttir** **Guðmundur Ólafsson**
**afa- og langafabörn.**

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir okkar, amma og langamma,*

**Björg Steindórsdóttir**
áður til heimilis að Grænumýri 7, Akureyri,

lést að Kristnesspítala þriðjudaginn 19. maí.

**Hulda Kristjánsdóttir** **Gestur Jónsson**
**Kristján Gestsson** **Ingibjörg Dagný Jóhannsdóttir**
**Jón Ásgeir Gestsson** **Hrund Steingrímsdóttir**
**Árni Björn Gestsson**
**Þóra Steinunn Gísladóttir**
**Gísli Sigurjón Jónsson**
**Björg Þórhallsdóttir**
**Höskuldur Þór Þórhallsson** **Þórey Árnadóttir**
**Anna Kristín Þórhallsdóttir** **Runólfur Viðar Guðmundsson**
**og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Andrés Bergsson**
Klapparstíg 5, Akureyri,

lést að Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, laugardaginn 16. maí. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju mánudaginn 25. maí kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Arnar Andrésson** **Hrefna K. Hannesdóttir**
**Gísli Andrésson**
**Jón Andrésson** **Margrét Pálsdóttir**
**Guðrún Andrésdóttir** **Jakob Tryggvason**
**afa- og langafabörn.**



**KASSABÍLARALLÝ** verður haldið á vegum frístundaheimila Frostaskjóls á Ingólfstorgi í dag, föstudag, milli 14.45 og 16.15. Um 350 börn á þremur frístundaheimilum hafa í vetur smíðað og skreytt bíla sína og ljúka nú vetrarstarfinu með því að keppa sín í milli.

# ;ALLT



**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447





Næg ókeypis bílastæði

við Perluna

**Súpubar 620 kr. • Salatbar 990 kr.**
**Súpa og salatbar á aðeins 1.430 kr.**

~ NÝBAKAÐ BRAUÐ FYLGIR MEÐ SÚPU- OG SALATBAR. ~

Í kaffiteríunni Perlunnar er hægt að fá alls kyns góðgæti á frábæru verði: Crépes, samlokur, pizzur og smurt brauð. Eins er hægt að fá heimatilbúinn ítalskan ís, alls kyns ísrétti, kökur og tertur.



*Elfa Dögg Mahaney*
*Rekstrarstjóri kaffiteríunnar*

Komnar aftur!

Láttu **belgísku vöfflurnar** eftir þér, þær eru algjörlega þess virði. Nú enn betri með kanil auk vanillu.



Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is




Réttur með dýri að hætti Guðrúnar Þórsdóttur, skólastjóra Vinnuskóla Reykjavíkur.

# Bragðgóð hollusta

**Guðrún Þórsdóttir, skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur, notar gjarnan tófú í matargerð. Hún gefur hér lesendum Fréttablaðsins uppskrift að rétti sem hentar vel fjölskyldum með mismunandi skoðanir.**

„Þessi réttur mætir vel þörfum minnar fjölskyldu sem hefur mismunandi skoðanir og bragðsmekk,“ segir Guðrún Þórsdóttir, skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur, sem játar því að hún styðjist nú ekki alltaf við uppskriftir. „Rétturinn varð til vegna þess að þegar ég var að búa til meinholla grænmetisrétti eða viðlíka kom alltaf þessi spurning frá bóndanum: Er maturinn með dýri?

Aðspurð út í hvort hún noti mikið tófú í matargerð segir hún. „Það eru svona fjögur ár síðan ég fór að nota tófú að einhverju marki.“ Guðrún mælir með að gott sé að leyfa tófúinu að liggja aðeins í ostrusósu og kryddi, en í þessum rétti er það óþarfi þar sem pestósósan gefur milt og gott bragð.

En hvað með kryddið? „Ég nota mikið nýmalaðan pipar í matargerð og papriku ásamt grænum kryddum,“ segir hún og bætir við að ómissandi sé að nota kjúklingakrydd á þennan rétt og ekki skemmi fyrir að einstaklega fljótlegt sé að útbúa hann. Rétturinn er fyrir allt að 6 manns. Meðlæti getur ýmist verið salat eða hrísgrjón allt eftir því hvað er til í búrinu hverju sinni.

## RÉTTUR MEÐ DÝRI

að hætti Guðrúnar fyrir 6

500 g tófú
1,5 kg kjúklingabringur án húðar
1 haus brokkolí
1 glas pestó úr þurrkuðum tómötum
1 glas matarrjómi
2 hvítlaukar
Krydd að smekk hverrar fjölskyldu.

*Tófúið er skorið í strimla og kjúklingabringurnar líka. Sett saman í stóra skál og kryddað að smekk og snúið saman með sleifum. Þessu er raðað í ofnskúffu sem hefur verið smurð með matarolíu. Hvítlaukarnir skornir passlega smátt og þeim dreift yfir réttinn. Matarrjóma og pestói hrært saman og hellt yfir réttinn. Brokkolíið rifið í lítil blóm og dreift yfir réttinn. Rétturinn hitaður í ofni við 220°C í 12 mínútur.*








**STOFUTÓNLEIKAR** verða haldnir á 25 heimilum Listahátíðarhelgina 22. til 24. maí. Tónlistarmenn og hópar flytja sígilda tónlist, popp, rokk, raftónlist og margt fleira í einstakri nálægt við áheyrendur. www.listahatid.is

# Rauðhetta og grísirnir þrír

**Leikhópurinn Lotta frumsýnir laugardaginn 23. maí nýtt íslenskt barnaleikrit í Elliðaárdalnum. Þar koma við sögu þekktar persónur á borð við Rauðhettu, grísina þrjá og Hans og Grétu.**

„Við erum algerlega árstíðabundinn leikhópur og störfum bara á sumrin,“ segir Anna Bergljót Thorarensen sem er í forsvari fyrir leikhópinn Lottu sem frumsýnir á laugardaginn nýtt barnaleikrit í Elliðaárdalnum.

Þetta er þriðja sumarið sem hópurinn setur upp útileikrit en fyrsta sumarið setti hann upp Dýrin í Hálsaskógi en í fyrra var það Galdrakarlinn í Oz í nýrri leikgerð Ármanns Guðmundssonar.

„Í ár flytjum við nýtt barnaleikrit byggt á þremur þekktum barnaleikritum. Þetta eru Rauðhetta og úlfurinn, Grísirnir þrír og Hans og Gréta,“ útskýrir Anna Bergljót en sögurnar fléttaði Snæbjörn Ragnarsson saman á nýstárlegan og skemmtilegan hátt svo úr varð stærðarinnar ævintýr. Þá hefur hann einnig samið lög fyrir verkið ásamt bróður sínum Baldri og Gunnari Ben.

Um valið á leikritinu segir Anna: „Við reynum að velja leikrit sem henta sviðinu og þar sem ævintýrið um Rauðhettu fer að mestu fram utan dyra passaði það vel.“ Þar sem sýningin er utandyra mælir Anna Bergljót með því að fólk klæði sig eftir veðri og taki með sér teppi að sitja á.

„Sýningin hentar öllum enda er þetta fjölskylduleikrit fyrir bæði fullorðna og börn,“ segir Anna Bergljót og bætir við að eftir sýninguna, sem stendur í um klukkutíma, bjóði þau krökkunum að koma upp á svið til að spjalla við leikarana og knúsa sína uppáhaldskaraktera.

Frumsýningin á morgun fer fram í svokölluðu Indíánagili í Elliðaárdalnum og hefst klukkan 14. „Svo verðum við þar alla miðvikudaga í sumar klukkan 18,“ segir Anna Bergljót sem lýsir Indíánagili sem algerri töfraveröld þar sem borgarysinn hverfi eins og dögg fyrir sólu.



Úlfurinn hefur náð taki á Rauðhettu sem gólar af skelfingu. Leikhópurinn Lotta verður með sýningar í Elliðaárdalnum alla miðvikudaga í sumar klukkan 18, en frumsýnir leikritið á laugardaginn klukkan 14. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fleiri en borgarbúar fá að njóta Rauðhettu í sumar enda stefnir leikhópurinn Lotta á að sýna leikritið á yfir 50 stöðum um allt land.

Miðaverð er óbreytt frá fyrri árum og kostar 1.500 krónur fyrir fullorðna en 1.000 krónur fyrir börn.

Nánari upplýsingar um sýningarnar má finna á heimasíðu hópsins www.leikhopurinnlotta.is.

*solveig@frettabladid.is*



Grísir fylgjast með Rauðhettu og úlfinum.




Nýkomnar margar gerðir af opnum dömuskóm.

Stærðir 36 - 42
Verð: 10.900.-

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

ETANÓL ELDSTÆÐI



YLUR fyrir heimilið
TILBOÐSVERÐ: 59.900 kr
bæjarlind 2 -kópavogur- s 564 5700

Núðluréttir eru auðvelt og fljótlegt að elda og njóta vinsælda jafnt hjá börnum sem og fullorðnum. Afganga má gjarnan nota með soðnum núðlum og einnig eru þær góð viðbót í súpur.

THAI-CHOICE
Toppurinn frá Thailandi



Thai Choice núðlur með kjúklingi

200g Thai Choice Traditional núðlur
2 msk. Thai Choice Soya-sósa
2 msk. Thai Choice Oyster-sósa
300g kjúklingakjöt skorið í strimla
100g fínt skorið grænmet (t.d. paprika, gulrætur, spergilkál og sveppir)
1/2 laukur fínt skorinn

Skolið núðlurnar vel og setjið í sjóðandi vatn og sjóðið í 5 mín. Kælið þær með köldu vatni, sigtið vatnið frá og setjið til hliðar. Hitið olíuna í Wok-pönnu eða stórri steikarpönnu, bætið kjötinu, lauknum og grænmetinu út í og steikið þar til kjötið er fulleldað. Bætið síðan núðlunum og sósunum út á pönnuna og blandið vel saman. Berið fram með Thai Choice Sweet Chilli sósu.

Þegar núðlurnar hafa verið kældar er gott að klippa þær niður í styttri núðlur, þannig er auðveldara að blanda réttinum saman á pönnunni.




=




Það hefur aldrei verið jafn auðvelt að sauma.
Flott efni, auðveld snið.

Föndur og gjafavara
FÖNDRA

Dalvegi 18, Kóp. Sími 568 6500 www.föndra.is
opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 22. maí 2009



# VILL EKKI FLÝJA LAND

Margrét Bjarnadóttir danshöfundur hefur fulla trú á að dansinn vaxi sem listgrein hér á landi í nánustu framtíð.

## VESPAN Í UPPÁHALDI

Gunnar Hansson leikari sýnir tíu uppáhaldshluti í Föstudegi.

## ÓSÁTTUR VIÐ EFTIRHERMUR

Brynjar Ingólfsson framkvæmdastjóri Emami ehf. heildsölu íhugar málsókn.

## FRÁ NÁTTÚRUNNAR HENDI

Vinsældir og úrval lífrænna snyrtivara aukast stöðugt.





SUMARTILBOÐ

UNITED
MEDIA SPILARI
720/1080i

United HD MMP 9530
720P/1080i HD 3.5" margmiðlunarspilari með 640GB WD Greenpower hörðum diski, HDMI, Optical og Composite tengjum, innbyggðum SD/MMC kortalesara ásamt USB Uplink. Fullkomin fjarstýring og aðgerðatakkar á framhlið.

Kr. 27.950

WD
640GB DISKUR

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ grillaðar kótilettur

## ALAN JONES SÖNGVARI

helgin MÍN

Ég ætla að klára að flytja í Mosfellsbæinn, njóta veðursins og ég er að hugsa um að ganga á Esjuna með unnustunni minni.





### Sumarið komið í Kron Kron

Í tilefni af komandi sumri og útgáfu mixdisks B í Smirnoff/KronKron röðinni verður partí í Kron Kron búðinni við Laugaveg 63b á morgun. Að vanda eru það plötusnúðarnir DJ B-Ruff og Gísli Galdur sem sjóða diskinn saman, en hann er í þetta sinn helgaður fönki, soul- og diskótónlist. Diskinum verður dreift frítt í takmörkuðu upplagi og tónlistin flutt „live“ í búðinni, en einnig má búast við leynigestum sem munu krydda stemninguna með vorkryddi. Smirnoff ætlar að bjóða upp á veigar í teitinu sem stendur yfir milli 21 og 23.30, en eftir það flytjast herlegheitin yfir á Kaffibarinn.

### Áritar fyrir aðdáendur

Fjöldi fólks gerði sér ferð niður í miðbæ Reykjavíkur síðasta sunnudag til að taka á móti Eurovisionstjörnunni Jóhönnu Guðrúnu Jónsdóttur og fylgdarliði hennar á Austurvelli eftir gott gengi þeirra í Moskvu. Lítill tími gafst þó til að fá eiginhandaráritun hjá stjörnunni sem gat aðeins stoppað stutt við vegna beinnar útsendingar í Kastljósi sama kvöld. Aðdáendur þurfa þó ekki að örvænta því Jóhanna verður í Smáralindinni á morgun klukkan 14 að árita plötu sína Butterflies and Elvis og má búast við að margir láti sjá sig þar.



föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is* *sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Brynjar Ingólfsson framkvæmdastjóri Emami ehf. heildsölu:

# ÓSÁTTUR VIÐ EFTIRHERMUR AF EMAMI-KJÓLNUM

þetta HELST

„Ég skil ekki af hverju fólk áttar sig ekki á að þetta er ólöglegt,“ segir Brynjar Ingólfsson framkvæmdastjóri Emami ehf. heildsölu. Hann íhugar nú málsókn gegn fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa hvatt aðra eða saumað sjálfir hinn vinsæla Emami-kjól. „Það er ísraelskur hönnuður sem hannaði kjólinn, en við erum með mjög víðtækt og dýrt einkaleyfi á honum. Við höfum selt gífurlega vel af kjólnum, en í dag er mikið um að fólk sé að sauma hann og efnabúðir að ýta undir að fólk geri kjólinn sjálft og stórgræða á því. Virka auglýsti til dæmis á Netinu að það væru komin efni í Emami-kjólinn og þegar ég sagði þeim að þetta væri ólöglegt fóru þeir bakleiðina, auglýstu að efnið í „vinsæla kjólinn“ væri komið og þar er fólki kennt á staðnum að sauma hann. Vogue er einnig með kjólinn okkar á gínu úti í glugga og þegar starfsmaður okkar spurðist fyrir um málið var honum sagt að þau væru að selja svakalega mikið af efni í Emami-kjóla. Þetta er rosalega siðlaust því þó svo að þetta sé einfalt snið er einstakt hugverk á bak við það sem er lögverndað og við höfum eytt miklu í markaðsetningu. Við erum ungt sprotafyrirtæki og ef það er svona sem fólk kemur fram við fyrirtækin sín hér viljum við ekki kenna okkur við Ísland,“ útskýrir Brynjar. „Við erum að skoða okkar réttarstöðu og íhuga málsókn gegn nokkrum aðilum, bæði fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa verið að sauma og selja kjólinn á Barnalandi og víðar á Netinu. Þeir geta átt von á að fá á sig kæru með hárri bótakröfu,“ bætir hann við.



Helgi Axelsson, framkvæmdastjóri Virku, segir verslunina ekki fókusera á þennan kjól frekar en annað. „Við höfum aldrei selt svona snið eða gefið þau út og virðum þeirra einkarétt. Við erum ekkert að auglýsa almennt því það hefur verið nóg að gera. Ég veit ekki hvort kúnnar spyrja mikið um kjólinn og það er erfitt að segja hversu mikið af okkar efni fer í svona kjóla. Þau (hjá Emami) töluðu við mig og voru óánægð með einhverja búð og konu sem var að sauma svona kjóla, en við höfum verið í góðri sátt við þetta fólk enda erum við bara að selja efni og okkar snið,“ segir Helgi og Edda Bára Róbertsdóttir, deildar- og sölustjóri Vogue, tekur í sama streng.

„Við höfum aldrei auglýst að það væri til efni í „Emami-kjól“. Ég myndi segja að það væru svona tveir til þrír kjólar sem eru aðallega í gangi, þá er komið og spurt hvort við eigum efni í þá kjóla og við bendum á þau efni sem fólk er að taka, en við erum ekki með neina kennslu á þessu þó svo að við vitum nokkurn veginn hvernig á að gera þetta. Það er rúm vika síðan ég setti gulan Emami-kjól út í glugga sem ein saumakona hjá okkur gerði á sjálfa sig, en það hefur enginn frá Emami rætt við mig. Ef þau eru svona rosalega stressuð yfir þessu og eru ósátt vil ég ekki styggja þau. Það er mikil aukning í saumaskap, eflaust út af kreppunni, og hvort sem ég er með kjólinn úti í glugga eða ekki þá minnkar ekki eftirspurnin eftir honum,“ segir Edda Bára. *- ag*



**Ósáttur** Brynjar Ingólfsson ásamt Steinunni Garðarsdóttur hjá Emami ehf. heildsölu, en hann íhugar nú málsókn gegn fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa hvatt aðra eða saumað sjálf Emami-kjóla.




NESTISKARFA fyrir 4
4990,-
NESTISKARFA
með tvískiptu loki
1.990,-
DISKAMOTTA
290,-
BAMBUS RENNINGUR
990,-
FLÖSKUREKKI
eða væri sniðugt að setja
6 litla blómapotta í hirsluna?
2.990,-
TESETT fyrir 4
2.990,-
STÓR KERTAGLÖS
490,-
STERKT OG FALLEGT SVALASETT
borð og tveir stólar
19.900,-
DISKUR FYRIR SNAKK OG DÝFU
590,-
FLUGNAVÖRN yfir mat
1.490,-
LEIKSTJÓRASTÓLL
7.990,-
SÓLSTÓLL
3.990,-
FELLANLEGUR STÓLL
5.990,-
FELLANLEGT
BORÐ
7.990,-
the
PIER
gleðilegt sumar!
Full búð af sumarlegum vörum
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# DREYMIR UM DANSHÚS Í REY

**Margrét Bjarnadóttir, 27 ára danshöfundur, byrjaði að æfa ballett sex ára gömul. Síðan hún útskrifaðist út ArtEZ-listaháskólanum í Hollandi 2006 hefur útskriftarverk hennar verið sýnt í fjölmörgum löndum, en Margrét er einn af hugmyndasmiðunum á bakvið sýninguna Húmanimal sem hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda.**

Viðtal: Alma Guðmundsdóttir
Ljósmyndir: Valgarður Gíslason



**Danshöfundur** Maður hefur alveg heyrt fólk segja; „Ég hef farið á danssýningu og mér finnst það ekki skemmtilegt," en það er álíka og að segja; „Ég fór einu sinni á tónleika og fannst ekki gaman svo ég ætla ekki aftur á tónleika."

Ég fór í dans af því mig langaði að leika. Ég hafði séð leiksýningar í Þjóðleikhúsinu og mamma sagði að krakkarnir í sýningunum væru yfirleitt úr Ballettskóla Þjóðleikhússins. Þá fór ég í ballett, sex ára og fór svo í Listdansskólann þegar ég var ellefu ára, en þá var ekki lengur nein tenging á milli Þjóðleikhússins og Ballettskólans svo ég var aldrei í neinu leikriti," segir Margrét og brosir. „Ég hélt áfram dansnáminu þangað til ég var nítján ára, en fékk þá nóg og hætti í fjögur ár," bætir hún við.

### KVÍÐI VIÐ STJÓRNVÖLINN

„Ég hafði meiri áhuga á að semja sjálf og var ekki með sömu ástríðu og margir dansarar hafa, að geta gefið sig alla í annarra manna verk. Ég fann að ef ég var ekki að tengja við verkin sem ég var að dansa leið mér hræðilega illa á sviðinu," útskýrir hún og segist hafa byrjað að finna fyrir miklum kvíða á unglingsárunum.

„Ég var með svo mikla fólksfælni og kvíða að þegar ég var uppi á sviði vitandi að fólk væri að horfa á mig langaði mig mest að setja poka yfir hausinn á mér. Þetta er eins og gengur og gerist oft með unglinga, en ég tók þetta óöryggiskonsept alla leið og ræktaði enn frekar á menntaskólaárunum, haltraði af hógværð og minnimáttarkennd og var eiginlega krónískt rauð í framan í fimm ár. Ef ég var í hópi með fleiri en þremur þá sagði ég yfirhöfuð ekki neitt og ritskoðaði mig svo rosalega að „mómentið" var alltaf horfið þegar ég ætlaði að segja það sem ég var að hugsa. Þegar ég fór í búð var ég iðulega tilbúin með hárrétta peningaupphæð í höndunum til að geta borgað strax og farið því ég þoldi ekki að fólk myndi horfa á mig á meðan ég væri að leita að pening í veskinu og ef það voru fleiri en tveir inni í búðinni fór ég í aðra búð," útskýrir Margrét. „Ég var líka með sjúklega fullkomnunaráráttu sem barn og ég held að það gerist oft með börn sem eru í svona stífu prógrammi, en ég var með hálfgerða þráhyggju. Ég man þegar ég fór í próf þá svaf ég alltaf með allar skólabækurnar sem tengdust því námsefni undir koddanum svo að það myndi örugglega allt prentast inn í heilann yfir nóttina" segir hún og hlær.

„Eftir menntaskóla var ég svo hugrökk að fara ein til Kaupmannahafnar. Það var sú stærð af borg sem ég gat höndlað og þar var ég í þrjá mánuði, sitjandi á sama kaffihúsinu, við sama borðið að skrifa dagbók og lesa. Ég hafði verið í ballett með skóla sex daga vikunnar alla mína tíð svo þetta hefði ekki getað verið mikið meiri andstæða. Ég innritaði mig svo í íslensku í Háskólanum því ég var byrjuð að fikta við skrif, en eftir hálft ár í íslenskunáminu bauðst mér starf sem barnapía fyrir bandarískan mann og íslenska konu. Það fylgdu því mikil ferðalög út um allt og stelpan þeirra var bara þriggja mánaða. Þegar ég tók starfinu var ég á hápunkti feimninnar og fólksfælninnar svo það var ótrúlega gott að komast í starf þar sem ég var stöðugt að hitta nýtt fólk, ferðast og sjá um lítið barn. Öll athyglin beindist að því og maður hafði lítinn tíma til að pæla mikið í sjálfum sér. Um leið og ég hætti að skrifa þessar dagbækur og „analísera" allt sem ég gerði, minnkaði kvíðinn og ofurmeðvitundin sjálfkrafa.

### Á FERÐ OG FLUGI

Margrét fór í ArtEZ-listaháskólann í Hollandi og útskrifaðist þaðan árið 2006. Aðspurð viðurkennir hún að það hafi verið erfitt að koma heim að náminu loknu. „Það er eiginlega enginn farvegur fyrir danshöfunda á Íslandi eða sjálfstætt starfandi dansara. Það er Íslenski dansflokkurinn og svo kennarar dansskólanna svo hér er eiginlega bara frekar óplægður akur fyrir sjálfstætt starfandi danslistamenn. Við Saga Sigurðardóttir, sem ég hef unnið mikið með og var með mér í náminu í Hollandi, og tvær ísraelskar skólasystur okkar settum upp sýninguna Víkingar og gyðingar í Hafnarfjarðarleikhúsinu 2007 þar sem við sýndum útskriftarverkin okkar. Í kjölfarið komst verk mitt, Strength Through Embarrassment, á Resolution! danshátíðina í London. Það gaf mér svo tækifæri til að ferðast með það víðar og í næsta mánuði fer ég með það á leiklistarhátíð í Þýskalandi," segir Margrét sem er jafnframt einn af listamönnunum sem standa að sýningunni Húmanimal sem fjallar um manninn, dýrið sem heldur sig vera hafið yfir eðli sitt. Sýningin er full af tónlist, leik, dansi og dýrslegum frumkrafti og segir Margrét verkið ekki síður vera danssýningu en leiksýningu, þó svo að áhorfendur séu kannski ekki meðvitaðir um það.

„Það er frekar lítill dansáhorf-






### * bak við tjöldin

**Besti tími dagsins:**
Tíundi tíminn, að morgni, en allir hinir tímarnir fylgja fast á eftir.

**Stjörnumerki:**
Vog.

**Uppáhaldsárstími:**
Þessa dagana er ég mjög upptekin af sumrinu, annars er frábært að eiga fjórar árstíðir.

**Diskurinn í spilaranum:**
Moondog.

**Uppáhaldsmaturinn:**
Ég er með harðfisk á heilanum.



**Áhrifavaldurinn:**
Það keppir enginn við lífið.

**Líkamsræktin:**
Að eiga ekki bíl.



**Draumafrí:**
Ég er í stuði fyrir almennilegt „road trip", kannski í Suður-Ameríku og slappa svo af á Samóa-eyju á eftir.

**Mesta freistingin:**
Draumafríið hér á undan.

**Hverju myndirðu sleppa ef þú þyrftir að spara?**
Bíllinn var mitt bruðl, ég sleppti honum.



# KJAVÍK

endahópur á Íslandi, þótt hann fari ört stækkandi, að það er svolítið eins og það væru bara til tvær tónlistarstefnur á landinu. Maður hefur alveg heyrt fólk segja; „Ég hef farið á danssýningu og mér finnst það ekki skemmtilegt,“ en það er álíka og að segja; „Ég fór einu sinni á tónleika og fannst ekki gaman svo ég ætla ekki aftur á tónleika.“ Ég vil bara að fólk viti að það eru til fullt af stefnum innan nútímadansins, ekki síður en innan tónlistar. Ég er ótrúlega ánægð að það hafi svona margir komið á Húmanimal og jafn breiður hópur kunnað að meta sýninguna, án þess kannski að vita að það var að horfa á danssýningu,“ segir hún, en síðasta sýning Húmanimal er 24. maí næstkomandi í Hafnafjarðarleikhúsinu.

## VILL EKKI FLÝJA LAND

